# FRÉTTABLAÐIÐ

52. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 2. MARS 2016




Fjöldi manns kom saman á bjórsetrinu Ægisgarði í gærkvöldi til þess að fagna bjórdeginum. Í gær voru liðin 27 ár frá því að sala á bjór var leyfð á Íslandi. Á meðal þeirra sem létu sjá sig var Óttarr Proppé, alþingismaður og formaður Bjartrar framtíðar. Hann tróð upp með hljómsveitinni Rass og var góður rómur gerður að söngnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eigendur fá allt að þrettán milljörðum

**Tryggingafélögin greiða eigendum tvöfaldan hagnað síðasta árs með arðgreiðslum og kaupum á eigin bréfum. Iðgjöld voru hækkuð á síðasta ári. Arðgreiðslan hjá Sjóvá og VÍS er að hluta til komin vegna nýrrar reikningsskilaaðferðar. Tjónaskuld VÍS lækkar um 5 milljarða.**

**VIÐSKIPTI** Tryggingafélögin þrjú í Kauphöll Íslands, Sjóvá, VÍS og TM, hyggjast greiða hluthöfum sínum 8,5 milljarða í arð og kaupa af þeim hlutafé fyrir allt að 3,8 milljarða samkvæmt tillögum stjórna sem lagðar verða fyrir á aðalfundum þeirra í mars. Upphæðin samsvarar ríflega tvöföldum samanlögðum hagnaði þeirra á síðasta ári, en hann nam 5,6 milljörðum króna.

Sjóvá og VÍS hækkuðu iðgjöld í fyrra. VÍS tilgreindi sérstaklega að gjaldskrárhækkunin væri vegna lélegrar afkomu. Auk þess hafa öll tryggingafélögin lagt áherslu á að draga úr afslætti að sögn Sigurðar Arnar Karlssonar, sérfræðings hjá IFS greiningu.

Hæstan arð stefnir VÍS á að greiða eða fimm milljarða, en félagið hagnaðist um tvo milljarða á síðasta ári. Alls munu tryggingafélögin hafa greitt eigendum sínum tæpa þrjátíu milljarða frá árinu 2013 gangi endurkaupaáætlanir og áform um arðgreiðslur eftir.

Arðgreiðslan hjá Sjóvá og VÍS er að hluta til tilkomin vegna nýrrar reikningsskilaaðferðar í samræmi við Solvency II tilskipun Evrópusambandsins. Vegna hennar lækkar tjónaskuld VÍS um fimm milljarða og eigið fé jókst um 3,7 milljarða frá ársbyrjun 2014. Þá lækkaði vátryggingaskuld Sjóvár í ársbyrjun 2014 um 2,7 milljarða og eigið fé jókst um 2,2 milljarða.

Runólfur Ólafsson, hjá FÍB, segir að miðað við framsetningu tryggingafélaganna á hinni nýju reikningsskilaaðferð hafi tjón verið ofáætlað. Því ætti upphæðin að renna til viðskiptavina tryggingafélaganna en ekki vera greidd út sem arður. „Í eðlilegu viðskiptaumhverfi myndi svona ekki ganga.“

– ih / sjá Markaðinn

## Lögbann sett á hluta aðgerða

**VERKFALL** Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur sett lögbann á hluta aðgerða Verkalýðsfélagsins Hlífar við álverið í Straumsvík, þar sem verkfallsverðir hafa aftrað stjórnendum frá því að skipa út áli.

„Nú mega skrifstofumenn svipta sér í hafnarvinnu,“ segir Björn Lárus Bergsson, lögmaður Verkalýðsfélagsins Hlífar, um ákvörðun sýslumanns. Færri fá að ganga í verk starfsmanna álversins en stjórn fyrirtækisins óskaði eftir að sögn Björns.

„Tólf starfsmenn. Þar af framkvæmdastjórn og fimm manna stjórn félagsins sem meðal annars samanstendur af þremur Frökkum sem búa ekki hér á landi og forstjóra Lýsis, Katrínu Pétursdóttur. Þessu fólki er heimilað að ganga í verk starfsmanna og skipa út áli. Við munum fylgjast með störfum þeirra á morgun.“ -kbg

## Fréttablaðið í dag


**MARKÐURINN** Verulegar breytingar með afnámi tolla á grænmeti; tómata, gúrku og papriku. Þessar breytingar hafa að mörgu leyti verið skynsamlegar, að mati Daða Más Kristóferssonar, dósents í hagfræði við HÍ.



**SKOÐUN** Elín Björg Jónasdóttir, formaður BSRB, skrifar um heilsugæsluna 12

**SPORT** Dagný fer frá Portúgal 18

**LÍFIÐ** Haukur Heiðar Hauksson, söngvari poppsveitarinnar Diktu, hefur lokið síðustu sérnámsvaktinni á Landspítalanum. 28-30

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Minnkandi norðlæg átt í dag, en allhvöss suðaustan til fyrripartinn. Norðlæg átt, víða 3-8 síðdegis. Dálítil él fyrir norðan og einnig suðaustanlands í kvöld, en annars þurrt og sums staðar léttskýjað sunnan- og vestanlands. Frost 2 til 13 stig, kaldast í innsveitum fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 20.



**Forstjórinn fær nýjan launasamning.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja ekki greiða fyrir stjórnarsetu

**KJARAMÁL** Formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur á að semja við forstjórann um endurskoðun launa hans. Það á að gera innan ramma „tillagna starfskjaranefndar OR“ eins og segir í fundargerð stjórnar OR.

Fulltrúar minnihlutans sátu hjá við afgreiðsluna. „Undirrituð telja að skoða þurfi hvort ekki sé eðlilegt, og í takt við upphaflegar fyrirætlanir eigenda, að stjórnarlaun séu innifalin í föstum launum starfsmanna OR sem sitja fyrir hönd móðurfélagsins í stjórnum dótturfélaganna,“ segir í bókun þeirra.

Ekki hefur fengist aðgangur að fyrrnefndum tillögum starfskjaranefndar OR. „Þegar fyrir liggur samþykkt á heildarkjörum forstjóra verður upplýst um hver þau verða,“ segir í svari frá fyrirtækinu. **– gar**

**Ekki hefur fengist aðgangur að tillögum starfskjaranefndar OR**

# Hlemmi verður gerbreytt



**Mathöll verður opnuð á Hlemmi í haust og í gær var skrifað undir samstarfssamning um rekstur hennar. „Markmið okkar er að skapa mathöll sem þjónustar íbúa nágrennisins og þá sem starfa í nágrenni Hlemms en líka allt höfuðborgarsvæðið og gesti miðborgarinnar,“ segir Bjarki Vigfússon, annar framkvæmdastjóra Mathallarinnar, í tilkynningu sem send var fjölmiðlum í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hagnaðurinn hjá Regin tvöfaldast

**VIÐSKIPTI** Hagnaður fasteignafélagsins Regins eftir tekjuskatt nam tæplega 4,4 milljörðum króna í fyrra, sem er aukning um 96% frá fyrra ári. Vöxtur leigutekna frá fyrra ári var rúmlega 18%.

Í afkomutilkynningu frá Regin kemur fram að rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskriftir var 3,6 milljarðar króna og jókst um 19% frá fyrra ári.

Í lok síðasta árs átti Reginn 107 fasteignir. Heildarfermetrafjöldi fasteignasafnsins var 272 þúsund fermetrar. Útleiguhlutfall fasteignasafnsins er um 97% miðað við tekjur.

Bókfært virði fjárfestingareigna í lok síðasta árs var 63,95 milljarðar króna samanborið við 53,6 milljarða í árslok 2014. Matsbreyting á árinu var 3,5 milljarðar króna. **– jhh**

# Þúsundir nektarmynda af stúlkum í dreifingu

**Ný íslensk rannsókn bendir til þess að svokölluð Chanslut-síða, sem er vettvangur fyrir dreifingu hrellikláms, sé aðeins toppurinn á ísjakanum. Þrjátíu prósent af efni á síðunni eru nektarmyndir af ungum stelpum, megninu undir lögaldri.**

**SAMFÉLAG** „Stelpurnar eru orðnar að söluvarningi. Þessi vefsíða virkar eins og bíttimarkaður,“ segir Hildur Friðriksdóttir félagsfræðingur sem í dag heldur erindi á vegum Háskólans á Akureyri um rannsókn sína á hrelliklámsíðunni Chansluts. Vefsíðan komst í hámæli árið 2014 en nú er komin 41 síða með íslensku efni á vefsvæðið.

Hildur skoðaði 10 síður af 41 því hún segir ógerning að komast yfir allt efnið. Á þeim síðum voru 483 myndir sem aðeins birtust einu sinni. „Við getum í raun margfaldað þá tölu með rúmlega fjórum til að fá heildarmagnið sem er í umferð á þessu svæði,“ segir Hildur. Í kjölfarið tók hún saman hvað væru nektarmyndir og hvað ekki.

„Ég setti það skilyrði að það sæist í brjóst, kynfæri eða rass. Það voru 148 myndir sem féllu undir þá skilgreiningu. Þrjátíu prósent af þessum myndum sem eru í umferð eru nektarmyndir eða sýna kynferðislegt athæfi.“

Hún segir það hafa komið sér á óvart að meirihluti myndanna er í raun notaður í þeim tilgangi að skiptast á þeim á öðrum vettvangi. Þannig setur notandi inn til dæmis andlitsmynd af stelpu og ýmist segist eiga myndir af henni sem hann láti af hendi í skiptum fyrir myndir af öðrum, eða notendur óska eftir myndum af tiltekinni stúlku. Myndunum er svo deilt í gegnum tölvupóst eða aðra samfélagsmiðla. Því má ætla að umfang sendinganna sé töluvert meira en kemur fram bara á Chansluts.

„Þegar ég áttaði mig á því að aðaldreifingin virðist fara fram í gegnum Snapchat skildi ég að hugsanlega er þetta ekki nema toppurinn á ísjakanum. Hugsanlega eru fleiri þúsund myndir í umferð í prívatdreifingu. Hvernig ætlum við að tækla það?“

Hildur flokkaði líka þær stúlkur sem voru nafngreindar eða aldursgreindar. „Það voru 172 stelpur nafngreindar og 33 voru aldursgreindar. Menn á þessum hrelliklámsíðum nota þá taktík að láta fylgja með sem mestar persónuupplýsingar um viðkomandi til að hámarka skaðann. Af þeim 33 sem voru aldursgreindar voru 25 undir lögaldri og tólf voru á grunnskólaaldri, sú yngsta 13 ára.“ **snaeros@frettabladid.is**



**Þúsundir mynda af ungum stúlkum eru í dreifingu á netinu. Umfangið kom félagsfræðingnum Hildi Friðriksdóttur mjög á óvart.** FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

**Þegar ég áttaði mig á því að aðaldreifingin virðist fara fram í gegnum Snapchat skildi ég að hugsanlega er þetta ekki nema toppurinn á ísjakanum.**



Hildur Friðriksdóttir
félagsfræðingur



SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**Nýr ŠKODA Superb. Stærri, rúmbetri og þægilegri.**

Superb er stærri og rúmbetri en áður og útbúinn þægindamöguleikum sem gera aksturinn draumi líkastan fyrir alla, jafnt ökumann sem farþega. Nýr ŠKODA Superb er tilkomumeiri og hlaðinn meiri tilfinningu en nokkru sinni fyrr. Komdu í reynsluakstur og gefðu gleðinni lausan tauminn.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

# Erlendur karlmaður í einangrun vegna rannsóknarhagsmuna

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjaness þess efnis að maður sem grunaður er um aðild að ráni og frelsissviptingu í heimahúsi þann 16. febrúar síðastliðinn sæti gæsluvarðhaldi, og einangrun á meðan á því stendur, til 4. mars næstkomandi á grundvelli rannsóknarhagsmuna.

Maðurinn er erlendur ríkisborgari og ekki með nein tengsl við Ísland að því er virðist en hefur komið hingað nokkrum sinnum á tveggja ára tímabili.

Brotaþoli málsins lýsti því í skýrslutöku hjá lögreglu að tveir menn hafi ráðist inn á heimili hennar ásamt fjórum grímuklæddum mönnum, sem töluðu ensku og spænsku sín á milli. Hún greindi frá því að mennirnir sex hafi haldið henni nauðugri í sex klukkustundir, bundið hana niður, beitt hana ofbeldi, meðal annars notað rafbyssu á hana og tekið hana kyrkingartaki svo hún leið út af í tvígang. Þá hafi þeir haft með sér skartgripi og peninga í hennar eigu. Eftir árásina hafi maðurinn sem nú er í haldi ítrekað hringt í hana og hótað henni lífláti.

Málið er talið tengjast því að konan hafi átt að geyma fíkniefni sem maðurinn smyglaði hingað til lands á síðasta ári en lögregla lagði síðar hald á efnin á heimili konunnar. Maðurinn á að hafa hótað konunni lífláti ef hún greiddi honum ekki fimm milljónir króna vegna fíkniefnanna.

Maðurinn er grunaður um aðild að brotum sem varðað allt að 16 ára fangelsi. Rannsókn málsins er á frumstigi og enginn hefur verið handtekinn vegna þess. Í rökstuðningi er því haldið til haga að haldi kærði óskertu frelsi sínu gæti hann torveldað rannsókn málsins, m.a. með því að hafa áhrif á framburð vitorðsmanna og vitna. **– kbg**



**Erlendur karlmaður er í einangrun vegna rannsóknarhagsmuna. Hann er grunaður um aðild að ráni, frelsissviptingu og ofbeldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heilsuskertir ökumenn valda hættu

**Ekkert tilkynningakerfi er til á Íslandi til að láta vita af heilsulausum ökumönnum. Rannsókn á tilkynningakerfi í Missouri sýnir að helmingur tilkynninga er vegna heilabilana. „Þarf að bæta kerfið," segir Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri samgönguslysa.**

**UMFERÐ** Ekki er til formleg leið á Íslandi til að tilkynna um ökumenn sem ættu ekki að vera undir stýri vegna heilsubrests. Áhyggjufullir fjölskyldumeðlimir geta til að mynda lítið gert annað til að bæta öryggi ökumannsins eða annarra en talað við hann eða falið bíllykla.

Guðmundur Freyr Úlfarsson samgönguverkfræðingur segir mikilvægt að skilja betur tengsl heilsuskerðingar og umferðarslysa þar sem hlutfall eldri ökumanna hækkar sífellt. Hann tók þátt í rannsókn á tilkynninga- og matsferli í Missouri í Bandaríkjunum og segir vanta sambærilegt kerfi á Íslandi.

Í Missouri getur heilbrigðisstarfsfólk, nánir fjölskyldumeðlimir, lögregla og starfsfólk ökuleyfastofa tilkynnt um mögulega heilsuskerta ökumenn. Við tekur læknisfræðilegt mat á akstursshæfni og í sumum tilfellum skriflegt eða verklegt próf. Matið getur leitt til takmarkana eða niðurfellingar á ökuleyfi.

„Langflestir sem eru tilkynntir missa ökuskírteinið og um helmingur vegna heilabilunar, til dæmis Alzheimer," segir Guðmundur. „Það sýnir mikilvægi þess að heimilislæknar á Íslandi fái sérstaka þjálfun til að meta áhrif heilabilana á umferðaröryggi."

Eldri borgarar á Íslandi þurfa reglulega að fá læknisvottorð til að fá ökuskírteini endurnýjað. „En það er spurning hversu formlegt ferli það er. Þar að auki getur fimmtug manneskja fengið heilabilun og verið hættuleg í umferðinni."

Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa, tekur undir orð Guðmundar. „Við höfum rannsakað nokkur banaslys undanfarin ár þar sem ökumenn sem hafa verið að glíma við veikindi koma við sögu. Tildrög slysanna og ástand ökumanna vegna lyfjatöku bendir til að fyrr hefði þurft að grípa inn í. Það þarf að bæta kerfið."

Ágúst segir ekki nýjar tölur til um hve mörg slys verði vegna heilsulausra ökumanna en það verði banaslys og alvarleg slys á hverju ári vegna þeirra. „Það eru eitt til þrjú banaslys á hverju ári. Svo eru líka tilvik þar sem fólk langt leitt í sínum sjúkdómi deyr undir stýri. Fólk sem hefði ekki átt að vera að keyra."

Ágúst segir mikilvægt að almenningur viti hvernig eigi að bregðast við, að hægt sé á einfaldan hátt að tilkynna um heilsubrest ökumanns og að óháður aðili taki svo ákvörðun um ökuleyfissviptingu. „Tillögur rannsóknarnefndar ganga út á að komið verði á fót embætti trúnaðarlæknis hjá Samgöngustofu, sem myndi hafa samband við ökumenn og fara fram á heilsufars- og ökupróf. Sá aðili myndi hafa samband við ökumanninn og fara fram á heilsufarspróf og mat á aksturshæfni.

Fagleg greining og ökumat er langheiðarlegast og skynsamlegast fyrir ökumanninn sjálfan. Ef hann stenst prófið, þá er það afgreitt mál. Ef hann gerir það ekki, þá er búið að skera úr um það að viðkomandi á alls ekki að keyra."

**erlabjorg@frettabladid.is**

## Tilkynningar og matsferli Missouri fyrir heilsuskerta ökumenn

- Valkvætt, lögbundið matsferli með nafnleynd og vernd gegn broti á trúnaði.
- Tilkynnt um mögulega heilsuskerta ökumenn á sérstöku eyðublaði.
- Ökumanni sent bréf og kallað eftir læknisfræðilegu mati á akstursshæfni innan 30 daga.
- Stundum þarf ökumaður að taka skriflegt eða verklegt ökupróf.
- Matið getur leitt til takmarkana eða niðurfellingar á ökuleyfi.
- Meðalaldur tilkynntra er 80 ára.
- Heilabilun af einhverju tagi nefnd í 45% tilfella.
- Flestir missa ökuskírteinið eða 96,5%.

**Guðmundur mun kynna rannsókn sína á Bráðadögum Landspítalans 4. mars. Ráðstefnan er opin öllum.**



**Í 45 prósentum tilfella voru ökumenn sem tilkynntir voru í rannsókninni með heilabilun og ættu ekki undir neinum kringumstæðum að vera með gilt ökuleyfi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Langflestir sem eru tilkynntir missa ökuskírteinið og um helmingur vegna heilabilunar.**
>
> Guðmundur Freyr Úlfarsson, samgönguverkfræðingur



> **Svo eru líka tilvik þar sem fólk langt leitt í sínum sjúkdómi deyr undir stýri. Fólk sem hefði ekki átt að vera að keyra.**
>
> Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa








# Leki á skurðstofu kvennadeildar

**HEILBRIGÐISMÁL** Leki á skurðstofu kvennadeildar Landspítala Háskólasjúkrahúss varð ekki til þess að henni væri lokað. Lekinn kom upp út frá ónýtri þakrennu fyrir um það bil hálfum mánuði. Lekinn var lagfærður um leið og hans varð vart og samkvæmt upplýsingum frá Landspítala var ekki þörf á að loka skurðstofunni. Engum aðgerðum var aflýst en einhverjum var frestað.

Miklar framkvæmdir hafa verið við kvennadeildina. Inngangurinn á deildina hefur verið lokaður síðan 25. janúar vegna jarðvegsframkvæmda til undirbúnings byggingu sjúkrahótels og á meðan hefur verið farið um aðalinngang Barnaspítala Hringsins. Nú er búið að opna innganginn aftur og er notast við yfirbyggða göngubrú utan á húsinu sem verður notuð fram í júní.

Framkvæmdirnar hafa valdið miklum truflunum fyrir fæðandi konur og sjúklinga kvennadeildar bæði vegna aðgengis að húsinu og mikils hávaða vegna framkvæmda.



**Skurðstofu á kvennadeild Landspítalans var ekki lokað þrátt fyrir leka. Þess var ekki talin þörf.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjúkrahótelið er hluti af fyrsta áfanga uppbyggingar Nýs Landspítala (NLSH) við Hringbraut. Það rís á norðurhluta lóðar spítalans milli kvennadeildar, K-byggingar og Barónsstígs og verður tekið í notkun árið 2017. Í sjúkrahótelinu verða 75 herbergi.

„Við höfum beðist afsökunar og beðið um skilning, við höfum alveg fengið hann. Það er óhjákvæmilegt að það verði einhverjar truflanir vegna þessara viðamiklu framkvæmda," segir Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi spítalans. **- kbh**

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

# VORBOÐ CHEVROLET




**NÝR CRUZE LTZ**

**3.590.000 KR.**

**AÐEINS 10% ÚTBORGUN: 359.000 KR.**

**NOTAÐUR CRUZE VERÐ FRÁ:**

**1.590.000 KR.**

**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á BENNI.IS**

½ E F

EITT ÁR FRÍTT

# ELDSNEYTI

## Í HEILT ÁR MEÐ NÝJUM OG NOTUÐUM CHEVROLET

Við tökum forskot á vorið og færum þér glæsilegan kaupauka í Vorboði Chevrolet. Nýjum og notuðum Chevrolet bílum hjá Bílabúð Benna fylgir eldsneyti til aksturs í heilt ár.*

Fáðu nánari upplýsingar um Vorboð Chevrolet á benni.is eða kíktu í heimsókn og spjallaðu við þjónustufulltrúa okkar.

* Miðað er við 15.000 km akstur á ári og uppgefna meðaleyðslu eldsneytis í blönduðum akstri frá framleiðanda. Eldsneytisverð er miðað við algengasta verð eldsneytis hjá OrkanX á kaupdegi bíls. Vorboð Chevrolet gildir ekki með öðrum tilboðum eða sérsamningum.

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd Chevrolet Cruze LTZ.

ORKAN

**Nánari upplýsingar á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.**

| **Reykjavík** | **Reykjanesbær** | **Akureyri** | **Opnunartímar** |
|---|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 | Virka daga frá 9 til 18 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 | Laugardaga frá 12 til 16 |

Bílabúð Benna

Bein leið í 40 ár




**Nýtt stakt gjald fyrir unga og aldna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hækka verð á dagpassa í Strætó

**ÞJÓNUSTA** Gjaldskrá Strætó hækkaði í gær. Mest hækka eins dags kort og þriggja daga kort. Eins dags kortin hækka um 50 prósent, úr 1.000 krónum í 1.500 krónur. Þriggja daga kortin hækka um 40 prósent, úr 2.500 krónum í 3.500 krónur.

Mun minni hækkun er á öðrum gjöldum. Stakt fargjald hækkar um 5 prósent og fer úr 400 krónum í 420 krónur. Á móti kemur sú nýjung að tekið verður upp staðgreiðslugjald fyrir börn og ungmenni yngri en átján ára, öryrkja og aldraða. Það verður 210 krónur fyrir hverja ferð.

Árskort fyrir unglinga og nemendur hækka ekki og tekin verða upp árskort fyrir aldraða og öryrkja sem kosta munu 19.900 krónur. **– gar**

# Bíða vorsins með eftirvæntingu



**Trúðslæti** Karlmaður klæddur sem trúður blæs sápukúlur í Chisinau í Moldavíu. Þar fer fram svokölluð Martisor, hátíð sem haldin er til þess að fagna komu vorsins. Þessi sama hátíð er haldin í Rúmeníu. Alfræðivefurinn Wikipedia segir að Búlgarar haldi svipaða hátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Ísfirðingar vilja vald við strendur.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vantar stefnu um sjókvíaeldi

**STJÓRNSÝSLA** „Nefndin telur afleitt að enga stefnumörkun stjórnvalda er að finna um sjókvíaeldi á Vestfjörðum, fremur en annars staðar,“ segir í bókun skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðar .

„Sérstaklega er þetta slæmt í ljósi þess að sveitarfélögin hafa ekki skipulagsvald yfir aðliggjandi strandsvæðum, fjörðum og flóum. Að frumkvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum og Fjórðungssambands var unnin nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð og í þessu tilfelli hefði slík áætlun verið til mikilla bóta,“ bókaði nefndin sem kvað æskilegt að sveitarfélög ráði skipulagi strandsjávar út að einni sjómílu frá grunnlínu.

Bókunin var gerð vegna matsáætlunar fyrir sjókvíaeldi Háafells í Ísafjarðadjúpi sem nefndin gerði ekki athugasemdir við. **– gar**




# Engar upplýsingar eru í boði um þrjú banaslys

**Rannsóknarnefnd flugslysa vill ekki gefa upplýsingar um þrjú síðustu banaslys í flugi hérlendis fyrr en með lokaskýrslum. Sambærilegar nefndir erlendis upplýsa gjarnan jafnóðum um staðreyndir sem fyrir liggja í slíkum flugslysamálum.**

**ÖRYGGISMÁL** Þorkell Ágústsson, rannsóknarstjóri flugslysasviðs Rannsóknarnefndar samgönguslysa, segir drög að lokaskýrslu um flugslysið þegar tveir fórust með sjúkraflugvél í Hlíðarfjalli 5. ágúst 2013 nú vera til skoðunar hjá Rannsóknarnefnd samönguslysa. Drögin verði síðan send til aðila málsins sem fái allt að tveimur mánuðum til að gera athugasemdir.

Aðspurður segir Þorkell engar sérstakar skýringar á þeim tíma sem rannsóknin tekur. „Ég hugsa að það komi allt í ljós þegar skýrslan kemur út,“ svarar hann.

Tveimur mánuðum eftir að sjúkraflugvélin TF-MYX fórst í Hlíðarfjalli gaf flugslysasvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa út bráðabirgðaskýrslu. Þorkell segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um að gefa út slíkar bráðabirgðaskýrslur um tvö önnur banaslys í fluginu í fyrra. Þar er átt við þegar Kanadamaður lést og annar maður slasaðist er flugvél þeirra brotlenti í Barkárdal við Eyjafjörð 9. ágúst og slysið þegar tveir flugkennarar létust er vél þeirra skall til jarðar suður af Hafnarfirði 12.nóvember.

Þorkell segir að rannsóknarnefndin vilji engum spurningum svara um þessi þrjú flugslys. „Við viljum ekki vera að tjá okkur um rannsóknina fyrr en við gefum út skýrsluna,“ segir hann.

Vinnubrögð sambærilegra rannsóknarnefnda erlendis eru verulega frábrugðin. Gott dæmi um það er framganga NTSB (Samgönguöryggisstofnunar Bandaríkjanna) eftir flugslys í San Francisco 6. júlí 2013. Þá hlekktist flugvél suðurkóreska flugfélagsins Asiana á í lendingu þannig að eldur kviknaði, þrír létust og 49 slösuðust alvarlega.

Allar staðreyndir sem NTSB aflaði voru jafnóðum lagðar fram á röð blaðamannafunda eftir Asianaslysið. Á einum fundanna var gagnrýni Alþjóðasambands flugmanna á upplýsingastreymi frá NTSB borin undir þáverandi forstöðumann stofnunarinnar, Deborah Hersman.



**Deborah Hersman, forstöðumaður Samgönguöryggisstofnunar Bandaríkjanna, NTSB, hafnaði gagnrýni vegna upplýsingagjafar NTSB.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Við trúum því að það sé mikilvægt að sýna starf okkar og segja fólki hvað við erum að gera.**
>
> Deborah Hersman, forstöðumaður NTSB

Hún sagði upplýsingagjöfina sambærilega og varðandi önnur samgönguslys.

„Eitt aðalsmerki NTSB er gagnsæi,“ sagði Hersman. Mörg samtök og hópar hefðu sína talsmenn en NTSB væri talsmaður almennings. „Við trúum því að það sé mikilvægt að sýna starf okkar og segja fólki hvað við erum að gera.“

Annað dæmi er þegar ellefu manns létust er orrustuþota á flugsýningu skall á þjóðveg í Shoreham í Englandi 22. ágúst í fyrra. Flugslysanefndin þar í landi gaf út sjö síðna bráðabirgðaskýrslu með ítarlegum upplýsingum aðeins þrettán dögum síðar. 21. desember var síðan gefin út viðbótarskýrsla þar sem rannsóknarnefndin benti á sjö atriði sem betur mættu fara í öryggismálum.

gar@frettabladid.is

# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl
## Mikið úrval gott verð



**TILBOÐ: 4.390.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium** OEB80
Skráður desember 2013, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 101.000 km.
Verð: 4.690.000 kr.



**VERÐ 4.290.000 kr.**
**Mazda CX-5 Vision** GTM52
Skráður júlí 2012, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 70.000 km.



**TILBOÐ: 3.980.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** FNU14
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð
Verð: 4.190.000 kr.



**VERÐ 2.450.000 kr.**
**Ford Fiesta Titanium** KUD62
Skráður mars 2014, 1,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 9.800 km. Í ábyrgð



**TILBOÐ 2.490.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** MYA52
Skráður apríl 2014, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 62.000 km. Í ábyrgð
Verð: 2.690.000 kr.



**TILBOÐ: 3.790.000 kr.**
**Audi A4 Avant** REV00
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 47.000 km.
Verð: 4.590.000 kr.



**VERÐ 9.990.000 kr.**
**Land Rover Discovery Sport HSE** EUF78
Skráður júlí 2015, 2,2 dísil, sjálfskiptur
Ekinn 42.000 km. Í ábyrgð



**TILBOÐ 7.950.000 kr.**
**Toyota Land Cruiser 200 VX** ERU84
Skráður september 2010, 5,7i bensín/metan, sjálfskiptur
Ekinn 130.000 km.
Verð: 8.490.000 kr.



**TILBOÐ 2.290.000 kr.**
**Peugeot 5008** LPV03
Skráður júlí 2013, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 51.000 km.
Verð: 2.590.000 kr.



**TILBOÐ: 1.390.000 kr.**
**Toyota Yaris Terra** DIJ92
Skráður júní 2011, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 90.000 km.
Verð: 1.590.000 kr.



**TILBOÐ 3.490.000 kr.**
**Suzuki Grand Vitara** ZRJ19
Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskiptur
Ekinn 63.000 km.
Verð: 3.950.000 kr.



**TILBOÐ 7.490.000 kr.**
**Mitsubishi Pajero Instyle** KIX25
Skráður júní 2014, 3,2TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 32.000 km. Í ábyrgð
Verð: 7.950.000 kr.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*
*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



Muhammadu Buhari til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Starfsmennirnir voru ekki til

**NÍGERÍA** Ríkisstjórnin í Nígeríu hefur fjarlægt 24.000 starfsmenn af launaskrá sinni eftir að endurskoðendur hennar komust að því að umræddir starfsmenn voru ekki til í raun og veru. Frá þessu greindi fjármálaráðuneyti landsins í vikunni.

Endurskoðunin er hluti af rassíu forsetans, Muhammadu Buhari, gegn spillingu í landinu og áætlar fjármálaráðuneytið að umræddar aðgerðir spari ríkinu um 1.500 milljarða króna á mánuði.

Rannsókn endurskoðenda á huldumönnunum hófst í desember og komust þeir að því að launagreiðslurnar fóru inn á reikninga sem voru undir dulnefnum. – þea

## Togararall í þrjár vikur

**NÁTTÚRA** Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum, svokallað togararall, er hafin og stendur yfir næstu þrjár vikurnar. Fjögur skip taka þátt í verkefninu; togararnir Ljósafell SU og Bjartur NK og rannsóknaskipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson. Alls verður togað á um 600 stöðvum á 20-500 m dýpi umhverfis landið.

Mælingin hefur verið framkvæmd með sambærilegum hætti á hverju ári síðan 1985. Helstu markmið eru að fylgjast með breytingum á stofnstærðum, aldurssamsetningu, fæðu, ástandi og útbreiðslu botnfisktegunda við landið. Einnig verður sýnum safnað vegna ýmissa rannsókna. – shá

### Búðirnar í Calais fjarlægðar

Átök brutust út þegar lögregla hóf að rýma búðirnar




# Frakkar rýma búðir flóttafólks í Calais við Ermarsundsgöngin

**Þúsundir flóttamanna hafast við í búðunum og vilja komast yfir til Bretlands í gegnum Ermarsundsgöngin. Lögreglan í Calais hefur mætt harðri mótspyrnu en segir að engum verði þröngvað til að hafa sig á burt.**

**FRAKKLAND** Franska lögreglan hófst snemma í gærmorgun handa við að rýma að hluta flóttamannabúðirnar í Calais, skammt frá mynni Ermarsundsganganna. Á mánudaginn hafði lögreglan fjarlægt hluta búðanna.

Búðir flóttafólks hafa verið verið á ýmsum stöðum í Calais eða næsta nágrenni í nærri tvo áratugi. Þær hafa áður verið rýmdar, en jafnan risið annars staðar áður en langt um líður.

Flóttafólkið hefur safnast saman í Calais í von um að komast inn í Ermarsundsgöngin og yfir til Bretlands. Erfitt er að komast inn á afgirt svæðið umhverfis innganginn að Ermarsundsgöngunum, en margir reyna að komast inn á svæðið og í gegnum göngin með flutningabílum, og sitja um slíka bíla í von um að geta komist óséðir um borð. Þá taka smyglarar fé af flóttafólkinu fyrir að koma því yfir til Englands.

**Þúsundir flóttamanna hafa dvalið í búðunum undanfarið, flestir frá Mið-Austurlöndum, Afríku og Afganistan.**

Lögreglan hefur mætt harðri mótstöðu frá flóttafólkinu. Átök hafa brotist út og lögreglan hefur óspart beitt táragasi. Nokkrir hafa verið handteknir.

Þúsundir flóttamanna hafa dvalið í búðunum undanfarið, flestir frá Mið-Austurlöndum, Afríku og Afganistan. Þeir dveljast þar í bráðabirgðaskýlum af ýmsu tagi, sumir í upphituðum gámum, aðrir í tjöldum.

Á mánudaginn voru um það bil hundrað hreysi rifin niður. Eldar kviknuðu í nokkrum þeirra.



Sumir íbúar tjaldbúðanna höfðu komið sér fyrir ofan á bráðabirgðaskýlum sínum þegar lögreglan mætti til leiks í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Bretar hafa jafnan krafist þess að frönsk stjórnvöld héldu aftur af flóttafólki, sem vill komast yfir til Bretlands. Þá hafa Bretar fjármagnað margvíslegar öryggisráðstafanir og girðingar við inngang ganganna hjá Calais.

Flóttafólkið sækist eftir því að komast til Englands til að sækja þar um hæli frekar en að sækja um hæli í Frakklandi eða öðrum löndum sunnar í Evrópu. Margir þeirra, sem komnir eru til Calais, eiga ættingja í Bretlandi og vilja þess vegna komast þangað.

Stjórnvöld í Frakklandi segja að enginn verði fluttur nauðugur frá búðunum í Calais, heldur sé flóttafólkinu boðið upp á ýmsa möguleika. Það muni taka nokkrar vikur að finna lausn á því.

Á morgun ætla þeir David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og François Hollande Frakklandsforseti að hittast til að ræða málefni flóttafólks og farandfólks.

gudsteinn@frettabladid.is





**15. mars, 15. júní og 15. september**

**Rannís auglýsir eftir umsóknum úr Æskulýðssjóði.**
Umsóknarfrestur í Æskulýðssjóð eru þrír á þessu ári. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

**Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á rannis.is Umsóknum skal skilað á rafrænu formi fyrir kl. 17.00 mánudaginn 15. mars nk.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Andrés Pétursson, andres.petursson@rannis.is
sími 515 5833.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




Osama Bin Laden, fyrrverandi leiðtogi Al-Kaída hryðjuverkasamtakanna. NORDICPHOTOS/AFP

## Auðæfi Bin Ladens námu fjórum milljörðum króna

**BANDARÍKIN** Stjórnvöld í Bandaríkjunum gerðu fjölmörg einkaskjöl Osama Bin Ladens, fyrrverandi leiðtoga Al-Kaída hryðjuverkasamtakanna, opinber í gær. Meðal skjalanna var að finna erfðaskrá Bin Ladens auk fjölda persónulegra bréfa.

Í erfðaskránni sem rituð var seint á tíunda áratugnum, kemur fram að hann átti 29 milljónir Bandaríkjadala (jafnvirði 3,8 milljarða króna) og þar kom fram hvernig hann vildi að arfinum yrði deilt. Bin Laden hvatti fjölskyldu sína til að framfylgja erfðaskrá sinni og eyða arfleifðinni í jihad, hið heilaga stríð íslams.

Af persónulegum bréfum Bin Ladens má ráða að hann hafi óttast það að dagar hans yrðu ekki fleiri. Í bréfi sem Bin Laden skrifaði föður sínum árið 2008 óskaði hann eftir því að faðir hans myndi hugsa um eiginkonu og synina ef til þess kæmi að hann yrði ráðinn af dögum.

Osama Bin Laden bar höfuðábyrgð á hryðjuverkaárásunum 11. september 2001 og eftir árásina lögðu Bandaríkjamenn mikla áherslu á að finna hann. Bin Laden féll í skotbardaga í maí 2011 þegar fámenn bandarísk hersveit gerði áhlaup á höll sem hann dvaldi í nálægt Abbottabad í Pakistan. – þv

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

DEWALT
– á heima hjá Sindra –

DCD791D2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL KOLALAUS

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2x2,0 Ah Li-Ion
Hersla: 70 Nm
Þyngd: 1,5 kg

Tilboðsverð
**39.900** m/vsk.
Fullt verð 47.087



DCD710D2
## 10,8V HLEÐSLUBORVÉL

Patróna: 10 mm
Rafhlaða: 2x2,0 Ah Li-Ion
Hersla: 25 Nm
Þyngd: 1,1 kg

Tilboðsverð
**29.900** m/vsk.
Fullt verð 31.886



DCD990P2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL KOLALAUS

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2x5,0 Ah Li-ion
Hersla 80 Nm
Þyngd: 2,0 kg
Þriggja gíra

Tilboðsverð
**67.900** m/vsk.
Fullt verð 82.990



DCG412N
## SLÍPIROKKUR 18V STAKUR

Fyrir 125 mm skífur
7000 sn/mín
Þyngd 2,2 kg

Tilboðsverð
**28.900** m/vsk.
Fullt verð 32.741



DCR017
## HLEÐSLUÚTVARP 10,8V-18V

AUX-innstunga fyrir hljóð
USB til að hlaða síma
Þyngd: 5,9 kg

Tilboðsverð
**52.900** m/vsk.
Fullt verð 61.378



DCK211D2T
## 10.8V SKRÚFVÉL & BORVÉL

Rafhlaða: 2x2,0 Ah Li-Ion
Borvél: 25 Nm
Skrúfvél: 107 Nm

Tilboðsverð
**45.900** m/vsk.
Fullt verð 57.788



DCS391N
## HJÓLSÖG 18V STÖK

165 mm blað fylgir
Mesta skurðardýpt: 55 mm
Þyngd 3,2 kg

Tilboðsverð
**32.000** m/vsk.
Fullt verð 48.853



DCS355D2
## FJÖLNOTASÖG 18V

Rafhlaða: 2x2,0 Ah
Stiglaus rofi 0-20.000 OPM
Fjöldi aukahluta fylgja með

Tilboðsverð
**57.900** m/vsk.
Fullt verð 74.812



**www.sindri.is / sími 575 0000**

Skútuvogi 1, Reykjavík / Viðarhöfða 6, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

# Börn á flótta í hættu við lokuð landamæri í Evrópu

**FLÓTTAMENN** Þúsundir barna eru föst við landamæri á Balkanskaganum, nánar tiltekið í grennd við Makedóníu og Grikkland, að því er UNICEF greinir frá.

Samtökin vara við því að eftir því sem landamæri eru lokaðri, því meiri hætta sé á því að mansalar misnoti varnarleysi barna á flótta. Þá verði að tryggja öruggt umhverfi og koma fylgdarlausum börnum fyrir í tímabundið fóstur eða áþekk úrræði.

Nú séu börn tilneydd að sofa undir berum himni, þau hafi ekki aðgang að baðvatni og mat eða nauðsynlegri þjónustu.



Myndin var tekin á mánudag nærri Gevgelija. Lögregla beitti táragasi gegn flóttafólki á leið frá Grikklandi. Þúsundir barna eru í hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Ég sé börn yngri en fimm ára föst á milli staða, þau komast ekki áfram og geta ekki farið til baka.
>
> Jesper Jensen, aðgerðastjóri UNICEF

Öruggt umhverfi, þar sem fylgdarlausum börnum er komið fyrir í tímabundið fóstur eða önnur slík úrræði á meðan unnið er úr beiðnum þeirra um hæli, sé ekki tryggt.

„Ég sé börn yngri en fimm ára föst á milli staða, þau komast ekki áfram og geta ekki farið til baka. Þau þurfa skjól og hvíld og að vita hvað er fram undan,“ segir Jesper Jensen, aðgerðastjóri UNICEF í Gevgelija.

UNICEF minnir á ákall sitt um að Evrópa setji þegar í stað í gagnið áætlun fyrir fylgdarlaus og týnd börn, áætlun sem þarf að ná til fjölskyldusameininga, móttöku og flutninga kvótaflóttamanna, og hvað annað sem þarf til að vernda börn og tryggja að þau verði ekki fórnarlömb smyglara og mansals. **– kbg**






Kerlingarfjöll eru fjallaklasi á hálendinu. Þar eru fjölbreyttar og sérstæðar jarðmyndanir og merkilegt samspil jarðhita, íss og gróðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kerlingarfjöll friðlýst í sumar

**Fjórir af 20 virkjunarkostum í verndarflokki rammaáætlunar falla undir friðlýsingu Kerlingarfjalla. Hin sextán svæðin ber að friðlýsa.**

**UMHVERFISMÁL** Gangi verk- og tímaáætlun eftir verður lokið við friðlýsingu Kerlingarfjalla og hún undirrituð um miðjan júní næstkomandi. Fjögur svæði í verndarflokki rammaáætlunar falla undir friðlýsinguna; Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar og Þverfell.

Sagt var frá því á dögunum að Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, setti af stað vinnu við undirbúning að friðlýsingu Kerlingarfjalla nýlega. Haldinn var undirbúningsfundur 2. febrúar á Flúðum með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps. Kom fram skýr vilji af hálfu heimamanna að friðlýsing gæti gengið fljótt og vel.

Fréttablaðið sagði frá því í september að ekkert þeirra tuttugu svæða sem stokkast höfðu í verndarflokk í núgildandi rammaáætlun hefði verið friðlýst á þeim tímapunkti – þvert á lög. Vinna við friðlýsingarnar hefur legið niðri að mestu um alllangt skeið en ástæðan er að fjármagn til þeirra verka var skorið niður þrátt fyrir að ekki sé um háar upphæðir að ræða.

Hildur Vésteinsdóttir, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, staðfestir að ef allt gengur að óskum þá verði friðlýsing Kerlingarfjalla undirrituð í júní, en kostnaðarmat vegna friðlýsingarinnar liggur hins vegar ekki fyrir.

Spurð um friðlýsingar á undanförnum árum segir Hildur að á síðasta ári hafi hægt verulega á vinnu við friðlýsingar, en vinnan hefur þó ekki legið alveg niðri. „Það er hins vegar orðið nokkuð langt síðan síðasta friðlýsing var staðfest, en það var fólkvangurinn Bringur [í Mosfellsdal] sem friðlýstur var þann 20. maí 2014,“ segir Hildur.

Árið 2013 var lagður mikilvægur grunnur að undirbúningi friðlýsinga svæða í verndarflokki rammaáætlunar hjá Umhverfisstofnun. Í samráði við umhverfisráðuneytið var ákveðið að leggja áherslu á svæði innan þjóðlendna.

Haldinn var samráðsfundur með forsætisráðuneytinu í tengslum við þá áherslu og lagður grunnur að verklagi. Enn fremur voru haldnir nokkrir samráðsfundir með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, fulltrúum sveitarfélaga ásamt Náttúrufræðistofnun. Í lok árs var undirbúningsvinnan hins vegar sett á ís – og fjárskorti kennt um af fjárveitingavaldinu. Umhverfisstofnun hefur hins vegar bent á að mikinn hluta þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin í samráði og kynningu þurfi að endurtaka ef sú bið verður löng. Því styttist í að þessi undirbúningsvinna sem þó hafði verið unnin fari fyrir lítið – hvað varðar önnur svæði í verndarflokki rammaáætlunar en Kerlingarfjöll – sem eru þá sextán eftir. svavar@frettabladid.is

## Friðlýst svæði 114 alls

- Árið 2013 varði Umhverfisstofnun 37,5 milljónum króna á núvirði til friðlýsinga – og átti það við bæði friðlýsingar tengdar rammaáætlun og samkvæmt náttúruverndaráætlun.
- Friðlýsingar eru í tengslum við rammaáætlun, náttúruverndaráætlun og samkvæmt tillögum sveitarfélaga, landeigenda eða annarra aðila.
- Vinna hófst við alla 20 kostina sem voru settir í verndarflokk rammaáætlunar.
- Friðlýst svæði á Íslandi eru 114 talsins – aðeins eru til þrettán verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir þessi svæði.

**20%** af flatarmáli Íslands eru friðlýst svæði




mazda

Mazda6 AWD er glæsilegur og vel útbúinn fjórhjóladrifinn station bíll. Hann er jafnframt búinn miklum öryggisbúnaði líkt og blindpunktsaðvörun, nálægðarskynjurum að framan og aftan og snjallhemlunarkerfi sem varar þig við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Mazda6 AWD er einnig búinn Rear Cross Traffic Alert búnaði sem nemur aðvífandi umferð þegar bakkað er úr stæði.

MAZDA6 VISION AWD STATION, BEINSKIPTUR 2,2 DÍSIL 150 HÖ - FRÁ 5.290.000 KR.
MAZDA6 OPTIMUM AWD STATION, SJÁLFSKIPTUR 2,2 DÍSIL 175 HÖ - FRÁ 6.090.000 KR.

Umframbúnaður OPTIMUM útfærslu:

- Leðuráklæði á sætum
- Rafstýrð framsæti
- Bílstjórasæti með minnisstillingu
- 19" álfelgur – 225/45 R19
- Veglínuskynjari
- Upphitanleg aftursæti
- Bose hljómkerfi – 11 hátalarar
- Aðlögunarhæf LED framljós
- Framrúðuskjár fyrir hraða
- Bakkmyndavél
- Þjófavörn með hreyfiskynjara
- Lyklalaust aðgengi

*Komdu og reynsluaktu Mazda6 AWD*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Heimska og geðveiki



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Notkun kannabisefna dregur úr greind fólks og gerir það útsettara fyrir geðsjúkdómum. Þetta er meðal þess sem lesa má á nýrri upplýsingasíðu um efnið á vefslóðinni kannabis.is.

Að síðunni stendur, með fleirum, Arnar Jan Jónsson, deildarlæknir á Landspítalanum. Um er að ræða framtak sem vert er að fagna, enda virðast oft vaða uppi í opinberri umræðu vitleysingar sem ákaft halda fram skaðleysi þessara efna.

Á þær árar virðast líka leggjast margir framleiðendur afþreyingarefnis vestan hafs. Í síðustu könnunum Rannsókna og greiningar var enda fjórðungur nemenda í tíunda bekk hér á landi ósammála þeirri fullyrðingu að marijúana væri hættulegt.

Á slíkar ranghugmyndir segist Arnar hafa rekist í starfi sínu á fíknigeðdeild, þegar hann var að ljúka læknisnámi. „Fólk gerir sér engan veginn grein fyrir hversu skaðlegt efnið getur verið,“ segir hann í viðtali við blaðið. Skortur á áreiðanlegum upplýsingum á netinu hafi svo orðið til þess að hann hafi í samstarfi við fleiri ákveðið að búa til vefsíðu um skaðsemi kannabiss.

Óhætt er að hvetja bæði ungmenni og aðstandendur þeirra til að sækja síðuna heim, því þar er að finna áreiðanlegar upplýsingar sem byggja á raunverulegum rannsóknum, ekki úreltum gögnum og furðurannsóknum sem hasshausar vilja halda á lofti til að réttlæta eigin neyslu.

Meðal forvitnilegra upplýsinga er að notkun kannabiss á unglingsaldri leiðir til óafturkræfrar lækkunar á greindarvísitölu um átta stig. Við því mega ekki allir. Þá er ljóst orðið að endurtekin neysla kannabisefna er sjálfstæður áhættuþáttur fyrir geðrof og að öllum líkindum einnig fyrir þróun langvinnra geðrofssjúkdóma á borð við geðklofa.

Læknar hafa svo sem áður reynt að halda á lofti staðreyndum um skaðsemi kannabisefna. Þannig hrakti Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir á geðdeild Landspítalans, í erindi sem hún hélt á fræðslumálþingi síðasta sumar, fullyrðingar um að efnin væru ekki ávanabindandi. Níu prósent allra sem prófa verða háðir efninu, en þar með er ekki öll sagan sögð, því yngri notendur eru í meiri áhættuhópi. Fram kom í máli Halldóru að 17 prósent unglinga sem prófa verði háð neyslunni.

Meðmælendur kannabisnotkunar hafa oft viljað benda á skaðsemi annarra fíkniefna og þá gjarnan löglegra, eins og áfengis eða tóbaks líkt og með því væri á einhvern hátt léttvægari sá skaði sem hætt er við með notkun kannabiss. Það er vitanlega rökleysa. Ein synd afsakar ekki aðra.

Með því að nú er auðfundin áreiðanleg upplýsingaveita um skaðsemi þessara fíkniefna er foreldrum og öðrum aðstandendum ungs fólks vonandi auðveldara að hrekja þær ranghugmyndir sem fíkniefnasalar og fiklar hafa haldið á lofti.

**Notkun kannabiss á unglingsaldri leiðir til óafturkræfrar lækkunar á greindarvísitölu um átta stig. Við því mega ekki allir.**

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn miðvikudaginn 16. mars 2016 kl. 20.

Fundurinn verður haldinn í sal Garðyrkjufélags Íslands, Síðumúla 1 (gengið inn frá Ármúla).

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

*Ferðafélagið Útivist*

ÚTIVIST

Laugavegi 178 • Sími 562 1000 • www.utivist.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Góða fólkið**
**Þingmaðurinn Ásmundur Friðriksson sagði í gær að kannski væri réttast að snúa hælisleitendum við í Leifsstöð og senda þá aftur til síns heima. Tilefnið var hælisleitandi á Kjalarnesi sem hótaði að kveikja í sér, líklega eftir enn eina synjun Útlendingastofnunar. Ásmundur sagði viðbúið að góða fólkið rifi hann í sig fyrir að þora að ræða lokun landamæra. Jafnan þegar hugtakið góða fólkið ber á góma er átt við hóp fólks, vinstra megin við miðju, sem heldur á lofti merkjum pólitískrar rétthugsunar. Ætli það hafi ekki komið Ásmundi á óvart að sárustu skellirnir bárust frá hans eigin flokki. Fyrrverandi formaður SUS sagði að nærtækast væri að loka mörkum Reykjavíkur og senda Ásmund til síns heima. En Ásmundur getur líka glaður gengið í hina nýstofnuðu Þjóðfylkingu og verið alveg laus við góða fólkið.**

**Betra fólkið**
**Annað sem kom á óvart í gær var uppþot í borgarstjórn yfir mansalstillögu meirihlutans sem hljóðaði svo að hefja ætti samtal við innanríkisráðuneytið um aðgerðir gegn mansali. Sjálfstæðismenn báru upp breytingartillögu við mansalstillöguna sem gekk lengra en fyrri tillagan en við lítinn fögnuð kvenréttindafrömuða og femínista í meirihlutanum. Við Tjörnina stóðu menn líklega á öndinni yfir þessum viðsnúningi.**

snaeros@frettabladid.is

# Einkarekstur ekki rétta leiðin



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Þó ástæða sé til að fagna því að heilbrigðisráðherra hyggist fjölga heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu um þrjár varar BSRB við áformum um að stöðvarnar verði einkareknar. Bandalagið hvetur til þess að áformin verði endurskoðuð og að nýju stöðvarnar þrjár verði reknar á samfélagslegum grunni.

Heilsugæslan hefur verið eins konar olnbogabarn í heilbrigðiskerfinu árum saman. Þar hefur verið skorið óhóflega niður í fjárveitingum og reynst erfitt að fá lækna og annað starfsfólk til starfa. Ein af afleiðingum þess er sú að endurnýjun í stétt heilsugæslulækna hefur verið allt of lítil.

Engin opinber umræða hefur farið fram um áform ráðherra. Kannanir sýna að mikill meirihluti landsmanna vill að það sé fyrst og fremst hið opinbera sem komi að rekstri heilbrigðiskerfisins. Breytingar sem þessar ætti ekki að gera í andstöðu við almenning í landinu, notendur þjónustunnar.

Breytt rekstrarform á heilsugæslustöðvum mun eitt og sér ekki leiða til þess að aðgengi að heilsugæslunni verði betra. Ef ætlunin með þessum áformum er að fá heimilislækna til starfa er alls óvíst að sú tilraun takist.

BSRB hvetur til þess að önnur leið verði farin til að bæta mönnun á heilsugæslustöðvum um allt land. Bandalagið hefur mótað stefnu um fjölskylduvænt samfélag, sem hefur það að markmiði að hjálpa fólki að samræma fjölskyldulíf og vinnu. Má í því samhengi nefna styttingu vinnuvikunnar og bætt samspil atvinnulífs og skóla.

Það er augljóst að efla þarf heilsugæsluna um allt land verulega. Til þess þarf fyrst og fremst að bæta umtalsverðum fjármunum í málaflokkinn. BSRB hvetur heilbrigðisráðherra til að endurskoða áform um tilraunastarfsemi með heilsugæsluna. Við hvetjum ráðherra til að leggja þess í stað aukna fjármuni og vinnu í að gera heilsugæsluna að fyrsta viðkomustað í heilbrigðisþjónustunni og aðlaðandi vinnustað.

**Breytt rekstrarform á heilsugæslustöðvum mun eitt og sér ekki leiða til þess að aðgengi að heilsugæslunni verði betra.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Líf liggur við



Ragnheiður Davíðsdóttir
framkvæmdastjóri Krafts

Fyrir skömmu lásum við um unga konu sem greindist með krabbamein og kvartaði sáran undan kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Meðal annars kom fram að hún hefði þurft að greiða á tíunda þúsund króna fyrir það eitt að fá að vita að hún væri með lífsógnandi sjúkdóm. Þetta dæmi er ekkert einsdæmi.

Við hjá Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk, sem greinst hefur með krabbamein, og aðstandendur þess, heyrum sögur af ungu fólki sem hreinlega stendur ekki undir þeim kostnaði sem fylgir læknis- og lyfjameðferð. Slík tilfelli eru fjölmörg og urðu meðal annars til þess að félagið stofnaði Neyðarsjóð Krafts sem úthlutar styrkjum til félagsmanna sinna til þess að standa undir hluta þess kostnaðar. Nýlega voru veittir fimm styrkir úr sjóðnum og var hver styrkur að meðaltali um 400.000 krónur. Þar er einungis um að ræða læknis- og lyfjakostnað en ljóst er að annar kostnaður er einnig verulegur, s.s. vinnutap, endurhæfing, sálfræðiþjónusta, tannlækningar og annars konar afleiddur kostnaður.

Þegar svo alvarlegur sjúkdómur sem krabbamein skýtur sér niður í fjölskyldunni hefur fólk ekkert val. Það verður að greiða þann kostnað sem hlýst af veikindunum, hvort sem það hefur efni á því eða ekki. Þess eru dæmi að fólk hefur orðið að skera niður í heimilisbókhaldinu, selja fjölskyldubílinn, taka börnin sín úr tómstundum, sleppa mat fyrir börnin í skólanum og því um líku. Líf og heilsa skipta einfaldlega mestu máli.

### Forgangsröðun er kjarni málsins

Og þá erum við komin að kjarna málsins. Forgangsröðun. Ljóst er að allir þurfa einhvern tímann að forgangsraða í heimilisbókhaldinu, það er taka út alls kyns óþarfa eða minna áríðandi kostnaðarliði til að eiga fyrir þeim sem skipta meira máli. Þá kröfu gerum við til stjórnvalda þegar ekki eru til fjármunir fyrir öllum útgjöldum ríkisins. Við gerum þá skýlausu kröfu að líf og heilsa almennings gangi fyrir öllu öðru. Það er í raun svo sjálfsögð krafa að varla ætti að þurfa að hafa orð á því.

**Við hjá Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess, heyrum sögur af ungu fólki sem hreinlega stendur ekki undir þeim kostnaði sem fylgir læknis- og lyfjameðferð. Slík tilfelli eru fjölmörg og urðu meðal annars til þess að félagið stofnaði Neyðarsjóð Krafts.**

Engu að síður staðhæfa stjórnvöld að ekki sé hægt að leggja meira fjármagn í heilbrigðiskerfið en raun ber vitni – jafnvel þótt stór hluti þeirra fjármuna komi með síhækkandi greiðsluþátttöku almennings.

Kraftur gerði könnun á greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfi samanburðarlanda Íslands og komst að því að hvergi í hinum vestræna heimi er ástandið verra en hér á landi. Við höfum öll skilning á því að stjórnvöld hafa úr ákveðnu fjármagni að spila sem þarf að skipta niður á hina ýmsu útgjaldaliði í samfélaginu. Ef þeir fjármunir duga ekki fyrir þeim öllum – þarf að forgangsraða eins og í góðu heimilisbókhaldi. Það þarf einfaldlega að færa fjármagnið frá því sem minna máli skiptir, eða engu, og í það sem sem öllu máli skiptir; heilbrigðiskerfið.

Ég leyfi mér að efast um að líf liggi við að grafa göng í gegnum fjöll, reka rándýra utanríkisþjónustu eða stunda veisluhöld á vegum hins opinbera, svo örfá dæmi séu tekin af útgjöldum sem taka mætti fjármuni frá og setja í heilbrigðiskerfið. Mér er líka til efs að nauðsynlegt sé að senda ráðherra og aðra þingmenn í allar þessar utanlandsferðir. Ef mig misminnir ekki höfðu utanlandsferðir utanríkisráðherra á einhverjum tilteknum tíma kostað jafn mikið og það kostaði að kaupa lyf til að lækna fólk af lifrarbólgu-C. Við þetta verður ekki unað lengur. Peningarnir eru til en þeir þurfa að fara í það sem máli skiptir; líf og heilsu landsmanna.

Réttur sjúklinga samkvæmt lögum og mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar til að fá þá bestu læknisþjónustu sem völ er á er ótvíræður og á að ganga mun lengra en geðþóttaákvarðanir stjórnvalda sem bera fyrir sig þau rök að framlag til heilbrigðismála verði að vera innan fjárlagarammans. Ef sá rammi er of þröngur þarf einfaldlega að útvíkka hann á kostnað annarra þátta sem minna máli skipta. Líf liggur við.



**Kynning á forvörnum á Háskólatorgi á síðasta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Nú er framtalið þitt opið til staðfestingar

Skilafresti lýkur 15. mars

**Skilafrestur**
Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 15. mars.
Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 20. mars. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

**Upplýsingar á framtali**
Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakagreiðslur.

**Auðkenning**
Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum í gsm síma, rafrænum skilríkjum á korti og með veflykli RSK.
Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

**Símaþjónusta í 442-1414**
Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30-15:30.
14. og 15. mars verður símaþjónusta til kl. 18:00.

**Nánari upplýsingar á rsk.is**

skattur.is

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | Stofnun ársins 2015

**VEGAN OSTUR**
MJÓLKURLAUS
GLÚTENFRÍR
ENGIN TRANSFITA




**459** kr. pk
NÝTT Í BÓNUS
**Tofutti Ostur**
12 sneiðar, 227 g




SOJA JÓGÚRT
**398** kr. 400 g
**Sojade Sojajógúrt**
4 bragðtegundir, 400 g




**259** kr. 400 g
**Sojade Sojajógúrt**
Hrein, 400 g

NÝBAKAÐ!



**298** kr. 650 g
**Bónus Normalbrauð**
650 g




1 kg
**239** kr. stk.
**Bónus Kornbrauð**
1 kg




**198** kr. stk.
**Bónus Rúgbrauðskubbur**
400 g

NÝBAKAÐ!



**198** kr. stk.
**Bónus Ostaslaufa**
120 g




**498** kr. 3x250 ml
**Hámark Próteindrykkur**
3x250 ml




**5.759** kr. stk.
**Nutrilenk Gold**
Eitt mest selda efnið hér á landi fyrir þá sem þjást af verkjum og sliti í liðamótum. 180 töflur




Aðeins 21 kr hver þvottur
**4.998** kr. pk.
**Ariel Colour Þvottaefni**
Allt að 245 þvottar




**459** kr. 3 rl.
**Bónus Eldhúsrúllur**
Stórar, 3 rúllur




4320 blöð
**798** kr. 18 rl.
**Designer Salernispappír**
18 rúllur

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **6. mars** a.m.k.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KJÚKLINGUR Á BETRA VERÐI




**2.098** kr. kg

**Bónus 100% Kjúklingabringur**
Ferskar, ekkert viðbætt vatn




**1.898** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingabringur**
Ferskar




**698** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingur**
Ferskur, heill

## GOTT VERÐ Í BÓNUS




**1.998** kr. kg

**Kjarnafæði Lambakótilettur**
Í raspi, frosnar




Fulleldað
Aðeins að hita

**1.298** kr. 500 g

**Ali Rifið Grísakjöt**
Pulled Pork í BBQ sósu
Fulleldað, 500 g




**598** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur




**198** kr. 190 g

**Kjarnafæði**
**Dönsk Lifrarkæfa,** 190 g

ROÐ- OG BEINHREINSAÐIR




**998** kr. kg

**Norðanfiskur Þorskbitar**
Roð- og beinlausir, frosnir




**998** kr. 800 g

**Bónus Þorskbitar í raspi**
Forsteiktir og frosnir, 800 g

BEINHREINSAÐIR




**998** kr. kg

**Norðanfiskur Saltfiskbitar**
Útvatnaðir, frosnir




**1.398** kr. 500 g

**Bláber,** fersk, 500 g

LÍFRÆNAR GULRÆTUR




**459** kr. 800 g

**Gulrætur, lífrænar**
Danmörk, 800 g




**398** kr. 4 stk.

**Pink Lady Epli**
700 g, 4 stk. í pakka



# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Markmiðið er að vinna mótið

**Dagný Brynjarsdóttir, leikmaður kvennalandsliðsins í fótbolta, vill að stelpurnar okkar byggi ofan á góða spilamennsku liðsins og vinni helst Algarve-mótið sem hefst í dag. Ísland mætir Belgíu í fyrsta leik mótsins. Dagný rétt fær að koma heim og pakka í tösku eftir mótið áður en nýtt ævintýri hefst í Portland.**




**Íslensku stelpurnar á Algarve**

Sæti íslenska kvennalandsliðsins í Algarve-bikarnum í gegnum tíðina.

| | |
|---|---|
| 2015 - 10. sæti | 2009 - 6. sæti |
| 2014 - 3. sæti | 2008 - 7. sæti |
| 2013 - 9. sæti | 2007 - 9. sæti |
| 2012 - 6. sæti | 1997 - 7. sæti |
| 2011 - 2. sæti | 1996 - 6. sæti |
| 2010 - 9. sæti | |

Dagný Brynjarsdóttir fagnar marki sínu á móti Hvíta-Rússland í undankeppni EM 2017, en hún á 57 leiki og 14 mörk að baki fyrir Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** „Það er alltaf jafn frábært að vera hérna,“ segir Dagný Brynjarsdóttir, leikmaður íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, en hún er mætt í sjötta sinn á hið árlega Algarve-mót í Portúgal þar sem bestu lið heims stilla saman strengina fyrir átök ársins.

Að þessu sinni vantar reyndar flest allra bestu liðin þar sem þau eru upptekin í forkeppni Ólympíuleikanna. Stelpurnar okkar eru engu að síður í erfiðum riðli með Kanada, Danmörku og Belgíu sem liðið mætir í fyrsta leik klukkan 15.00 í dag. Í hinum riðlinum eru Brasilía, Rússland og Portúgal.

„Það var frábært að koma degi fyrr en vanalega og fá tækifæri til að æfa tvisvar aukalega og geta vanist grasinu. Flestar í liðinu eru ekkert búnar að vera á grasi lengi. Maturinn hérna er frábær og veðrið alltaf jafn gott,“ segir Dagný, en liðið er á sama hóteli og við sömu aðstæður og undanfarin ár.

„Við nánast þekkjum allt starfsfólkið hérna. Það er alltaf saman fólkið sem hugsar um mann og sami karlinn sem heldur dyrunum opnum þegar við förum á æfingu. Ég held að þeim sé líka farið að þykja vænt um okkur,“ segir Dagný hress og kát.

**Gera mun betur en í fyrra**

Árið 2015 hófst ekki með neinum glæsibrag hjá stelpunum okkar. Þær unnu ekki leik og skoruðu ekki mark á Algarve í fyrra og höfnuðu í níunda sæti á mótinu. Eftir því sem á leið árið fór liðið að spila betur, en það small almennilega í gang síðasta haust og vann alla fjóra leiki sína í undankeppni EM 2017 þar sem stelpurnar skoruðu tólf mörk og fengu ekki á sig eitt einasta.

„Það gekk allt upp í síðasta leiknum í fyrra,“ segir Dagný um 6-0 útisigurinn í Slóveníu þar sem hún skoraði fyrsta og sjötta markið. „Við ætlum að byggja ofan á frammistöðuna þar og halda áfram að bæta varnarleikinn. Það sama á við um sóknarleikinn.“

Sóknarleikurinn var stærra vandamál en varnarleikurinn í fyrra. Sem fyrr segir kom liðið boltanum ekki í netið á Algarve og brösulega gekk í byrjun undankeppninnar.

„Leikurinn gegn Hvíta-Rússland (2-0 sigur) var pirrandi. Þar vorum við líka að spila of mikið sem einstaklingar í staðinn fyrir að spila saman. En í síðustu tveimur leikjunum small þetta og margir leikmenn skoruðu. Það er mikilvægt því þetta er liðsíþrótt og það skiptir í raun engu hvaðan mörkin koma,“ segir Dagný.

Þar sem mörg af bestu liðum heims vantar á Algarve-mótið í ár lætur Dagný sig dreyma um gullið: „Það er alveg raunhæft markmið. Auðvitað eru hér sterkar þjóðir en við eigum alveg séns. Þetta er bara krefjandi verkefni sem er skemmtilegt að takast á við. Það munu allir leikmennirnir í hópnum fá séns en markmiðið verður samt að komast í úrslitaleikinn og ef við komumst þangað ætlum við auðvitað vinna.“

**Portland eftir Portúgal**

Dagný spilaði með uppeldisfélagi sínu, Selfossi, í Pepsi-deildinni á síðasta ári, en með því hafnaði hún í þriðja sæti og komst í bikarúrslitin. Hún samdi við bandaríska liðið Portland Thorns eftir tímabilið og spilar með því í NWSL, efstu deild bandaríska kvennaboltans, í sumar.

Þessi 24 ára gamli Rangæingur er ekki enn byrjuð að æfa með bandaríska liðinu, en hún á að mæta út til Portland nánast beint eftir Algarve-mótið. „Þau vilja að ég fljúgi beint frá Portúgal en ég fæ að fara heim, skipta um tösku og fara svo út. Ég verð heima í svona 20 tíma,“ segir Dagný.

„Stelpurnar í liðinu koma næstu helgi út en það eru nokkrir landsliðsmenn í liðinu sem eru til dæmis hérna úti. Ég mæti einni í kanadíska liðinu og einni þegar við spilum við Dani.“

Það er ekki of djúpt í árinni tekið þegar sagt er að stemningin fyrir fótbolta í Bandaríkjunum sé hvergi meiri en við Kyrrahafið hjá Portland og Seattle. Thorns-liðið varð meistari 2013 og þar til í haust spilaði með því ein frægasta fótboltakona heims, bandaríski landsliðsmaðurinn Alex Morgan. Einn samherji Dagnýjar er Meghan Klingenberg, besti vinstri bakvörður heims.

„Ég er orðin alveg ótrúlega spennt. Aðstæðurnar hjá Portland eru víst þær bestu í Bandaríkjunum. Ég einbeiti mér að landsliðinu núna en eftir síðasta leik hér á Algarve verð ég farin til Portland. Við mætum líka í fyrsta leik Orlando Pride, en með því liði spila tvær góðar vinkonur mínar úr Florida-háskólanum. Ég bara get ekki beðið,“ segir Dagný Brynjarsdóttir. tomas@365.is

## Æfði með strákunum

Dagný Brynjarsdóttir, landsliðskona í fótbolta, hefur ekki æft með kvennaliði síðan tímabilinu í Pepsi-deildinni lauk síðasta haust. Hún á ekki að mæta til æfinga hjá sínu nýja liði, Portland Thorns í Bandaríkjunum, fyrr en eftir Algarve-mótið.

Dagný er fædd og uppalin á Hellu þar sem hún æfði oft með strákum á yngri árum. Hún fékk að upplifa það aftur undir lok síðasta árs og í byrjun þessa árs þegar Gunnar Borgþórsson, þjálfari karlaliðs Selfoss, leyfði henni að æfa með liðinu.

„Ég æfði í sex vikur með meistaraflokki karla áður en ég fór svo til Flórída í gamla skólann minn og æfði þar í fjórar vikur. Ég ætlaði að vera lengur en þurfti að koma fyrr heim til að fara í jarðarför. Svo æfði ég aftur með strákunum í janúar,“ segir Dagný, en hvernig var að æfa aftur með strákum, og það í meistaraflokki?



„Ég skal alveg viðurkenna það, að þetta var erfitt. Í kvennaboltanum er ég fljót, sterk og hoppa hátt en ég er það ekki miðað við stráka. Það tók alveg tvær vikur að venjast þessu og fyrst leit ég bara út fyrir að vera léleg í fótbolta,“ segir Dagný og hlær við.

„Maður getur varla tekið þrjár snertingar á æfingu. Ég var nánast fagnandi þegar ég kom heim ef ég náði að skora tvö mörk, þetta var svo erfitt. Mér leið stundum eins og ég væri búin með 90 mínútna leik því tempóið var svo miklu meira en ég er vön. Þetta var erfitt en alveg ótrúlega gaman. Ég græddi mikið á þessu og ef Gunni býður mér aftur seinna væri ég mikið til í að æfa aftur með strákunum,“ segir Dagný Brynjarsdóttir.

> Maður getur varla tekið þrjár snertingar á æfingu. Ég var nánast fagnandi þegar ég kom heim ef ég náði að skora tvö mörk þetta var svo erfitt.

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

| | | |
|---|---|---|
| Aston Villa | 1–3 | Everton |
| Bournemouth | 2–0 | Southampton |
| Leicester | 2–2 | West Brom |
| Norwich | 1–2 | Chelsea |
| Sunderland | 2–2 | Crystal Palace |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Leicester | 57 | Swansea | 27 |
| Tottenham | 54 | Norwich | 24 |
| Arsenal | 51 | Newcastle | 24 |
| Man. City | 47 | Sunderland | 23 |
| Man. United | 44 | Aston Villa | 16 |

**EM-BÚNINGURINN KYNNTUR**

Í gær kom í ljós í hvernig búningum íslenska karlalandsliðsins í fótbolta mun spila á EM í Frakklandi í sumar. Búningurinn var kynntur til sögunnar samtímis á Íslandi og á Ítalíu.



**Ljótleika þessa búnings fæst ekki lýst með orðum. Þetta er hörmung. Líklegast mannréttindabrot.**

Guðmundur Jörundsson
@gudmundur_jor

**ERFIÐ VERKEFNI HJÁ BÁÐUM BIKARÚRSLITALIÐUNUM**

Stjarnan vann Gróttu í bikarúrslitaleik kvenna um síðustu helgi og bæði liðin eru síðan aftur í sviðsljósinu í 21. umferð Olís-deildarinnar í kvöld. Bikarmeistarar Stjörnunnar taka á móti Fram í Mýrinni en Grótta fær ÍBV í heimsókn út á Nes. Bæði verkefnin eru af erfiðari gerðinni og nú er að sjá hvernig liðin standa eftir strembna bikarúrslitahelgi.



**HALDA VALSKONUR ÁFRAM AÐ VINNA KEPPINAUTANA?**

Valskonur geta farið langt með að tryggja sér sæti í úrslitakeppni Domino's-deildar kvenna í körfubolta vinni liðið í Grindavík í kvöld. Valur er í keppni við Keflavík og Grindavík um síðustu tvö sætin inn í úrslitakeppnina og hefur nú tveimur stigum meira en Grindavík og fjórum stigum meira en Keflavík. Valur hefur unnið alla þrjá leikina við keppinautana á árinu 2016 og það með 17,7 stigum að meðaltali. Einn sigur í viðbót og sætið er nánast gulltryggt. Leikur Grindavíkur og Vals verður í beinni á Stöð 2 Sport 4.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Grindavík - Valur | Sport 4 |
| 19.45 | Arsenal - Swansea | Sport 3 |
| 19.45 | West Ham - Tottenh. | Sport 5 |
| 19.45 | Stoke - Newcastle. | Bravó |
| 20.00 | Liverpool - Man. City | Sport |
| 20.00 | Man Utd - Watford | Sport 2 |
| 20.00 | Levante - Real Madrid | Sport 6 |

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | Grótta - ÍBV | Hertz-höllin |
| 19.15 | Grindavík - Valur | Grindavík |
| 19.15 | Keflavík - Hamar | Keflavík |
| 19.15 | Snæfell - Stjarnan | Stykkish. |
| 19.30 | Valur - Selfoss | Valshöllin |
| 19.30 | Stjarnan - Fram | TM Höllin |
| 19.30 | Fylkir - HK | Fylkishöll |
| 19.30 | FH - Fjölnir | Kaplakriki |
| 19.30 | ÍR - Afturelding | Austurberg |






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 2. mars 2016 — 9. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



**»2 Umframeftirspurn í flughermi**
Flughermir TRU Flight TRaining er í notkun frá sex á morgnana og langt fram á nótt.

**»4 Vantar fjárfestingu í ævintýri**
Ævintýraferðamennska er 32 þúsund miljarða bransi á heimsvísu.

**»8 Svipmyndin Þór Bæring**
Vinahópur hefur keypt Ölvisholt brugghús og ætlar að leggja áherslu á vöruþróun og vörumerkið.

**»10 Ekki láta undan óttanum**
Lars Christensen segir ólíklegt að átök í Sýrlandi og Úkraínu muni ekki hafa mikil áhrif á heimshagkerfið.

**»12 Ferðamenn greiði eðlilegt gjald**
Stjórnarmaðurinn segir að finna verði lausn á vandamálum vegna ferðamanna áður en það sé of seint.








# SKJÓÐAN

## Er einhver munur á gömlu bönkunum og þeim nýju?

**STÓRU BANKARNIR** þrír hafa nú skilað uppgjörum fyrir 2015. Ekki geta þeir kvartað því hagnaður ársins er um 107 milljarðar. Hagnaðurinn frá hruni er 480 milljarðar, sem verður að teljast talsvert í hagkerfi, sem hrundi nánast til grunna, þar sem allur hlutabréfamarkaðurinn hvarf á einni nóttu – varð að núlli.

**ÞETTA ER EKKI** slæmt í hagkerfi þar sem viðskiptavinir bankanna úr hópi einstaklinga lentu í vanskilum og bankarnir leystu til sín þúsundir íbúða. Þetta er nokkuð gott í umhverfi þar sem bankarnir leystu til sín hundruð, ef ekki þúsundir, fyrirtækja og atvinnufasteigna vegna skuldavanda eigenda, þegar skuldir tvöfölduðust og jafnvel þrefölduðust í hruninu.

**ÞETTA ER EKKI SÍST** eftirtektarverður „árangur“ hjá stóru bönkunum þremur þegar horft er til þess að forverar þeirra, bankarnir sem féllu, högnuðust ekki um nema 450 milljarða á árunum 2003-2007, á fimm ára tímabili, sem hefur verið tekið sem dæmi um það hve „ruglið“ í íslenska fjármálakerfinu hafi verið orðið algert á þeim tíma, sem stundum er nefndur „góðærið“.

**SJÁLFSAGT** má með núvirðisútreikningum komast að þeirri niðurstöðu að hagnaður gömlu bankanna í „góðærinu“ hafi verið sjónarmun meiri en hagnaður endurreistu bankanna frá hruni. Gömlu bankarnir voru alþjóðlegar fjármálastofnanir með viðskipti um víða veröld. Hagnaður þeirra varð til í London, Stokkhólmi, Ósló, Kaupmannahöfn, Lúxemborg, Sviss, New York og víðar.

**GÖMLU BANKARNIR** færðu heim hagnað af alþjóðaviðskiptum og greiddu skatta af honum hér á landi. Í ljós kom að íslensku bankarnir voru áhættusæknir og einsleitir og þegar alþjóðlegt fjármálakerfi riðaði féllu þeir allir.

**NÝJU BANKARNIR** eru ekki alþjóðleg fjármálafyrirtæki í neinum skilningi þess hugtaks. Þeir starfa í lokuðu hagkerfi sem er í fjötrum gjaldeyrishafta. Nýju bankarnir fengu allar innlendar eignir gömlu bankanna á hálfvirði, eða innan við það, eftir því um hvaða eignir var að ræða, og hafa endurmetið þær upp í fullt verð og gengið fram af fullkominni hörku gegn sínum nýju viðskiptavinum, sem þeir fengu líka í arf eftir gömlu bankana. Starfsmenn Landsbankans fengu hlut í bankanum sem verðlaun fyrir að ganga sérlega hart fram gagnvart viðskiptavinum bankans.

**NÝJU BANKARNIR** sækja ekki hagnaðinn til útlanda eins og þeir gömlu. Hagnaður þeirra samanstendur af brostnum vonum fólks sem tók lán fyrir íbúðinni sinni, sorgum fyrrverandi hjóna og tárum barna sem búa við skort í allsnægtalandinu, Íslandi. Nýju bankarnir mergsjúga íslensk heimili og fyrirtæki til að ná sínum hagnaði. Samt er verið að dæma stjórnendur gömlu bankanna í fangelsi en stjórnendur nýju bankanna ganga um eins og fínir menn.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Stefán Karlsson**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






Flughermirinn er hýstur í Hafnarfirði. Þangað koma flugmenn víða að í þjálfun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Erlend félög sækja í nýja flugherminn

**Umframeftirspurn eftir tímum í nýja flugherminn í Hafnarfirði. Félög á borð við Fedex og DHL á meðal viðskiptavina. Meiri eftirspurn á veturna en sumrin.**

Umframeftirspurn er eftir tímum í nýja flugherminn sem Tru Flight Training rekur í Hafnarfirði. Rekstur flughermisins hófst í byrjun árs 2015.

„Notkun flughermisins hefst klukkan sex á morgnana og stendur yfir alveg til klukkan þrjú og jafnvel fimm á nóttunni,“ segir Guðmundur Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri TRU Flight Training.

„Við vorum að miða við að við værum að keyra hann 4.000 til 4.500 tíma á ári en það stefnir í það í ár að við verðum með 5.000 til 5.500 tíma,“ segir Guðmundur Örn en bætir við að meiri eftirspurn sé á veturna en á sumrin. „Það er minna að gera á sumrin af því að farþegaflugfélögin fljúga svo miklu meira á sumrin,“ segir Guðmundur Örn. Þess vegna séu veturnir nýttir til þjálfunar. „Við önnum ekki eftirspurn á veturna.“

> **Notkun flughermisins hefst klukkan sex á morgnana og stendur yfir alveg til klukkan þrjú og jafnvel fimm á nóttunni.**
>
> Guðmundur Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri TRU Flight Training.

Guðmundur Örn segir að Icelandair sé langstærsti kúnninn, enda eigandi að félaginu. „Síðan er Fedex með samning við okkur þannig að þeir eru að koma 20 daga í mánuði allavega í þjálfun. Reyndar eru fleiri flugfélög að koma eins og DHL og Jet 2 sem er í Bretlandi,“ segir Guðmundur Örn. Að auki hafi borist fyrirspurnir frá öðrum. „Við höfum bara ekki pláss akkúrat núna en það verður kannski seinna.“

Áður en nýi hermirinn var smíðaður var kannaður sá möguleiki að kaupa gamlan hermi og laga hann til. Guðmundur Örn segir að það sé akkur í því fyrir Icelandair að geta sent flugmenn sína í hermi sem sé nákvæmlega eins og vélarnar þeirra. „Og það hefur skilað því að flugfélögin hafa sýnt áhuga á að koma hingað.“

Guðmundur segir að eftirspurnin sé svo mikil þessa dagana að ekki náist að anna henni almennilega. Þess vegna verði Icelandair að senda sína flugmenn út. „Það er minnihlutinn en engu að síður verðum við að senda þá.“ Þeir eru þá sendir til Bretlands, meðal annars til Gatwick og Manchester, en einnig til Parísar í Frakklandi.

Icelandair á 51 prósent í flugherminum en 49 prósent á félag sem heitir TRU Simulation + Training og er dótturfélag Textron sem á Bell Helicopter og Cessna.

**jonhakon@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

### 2,7 milljarða hagnaður

Árið 2015 var metár í hagnaði tölvuleikjaframleiðandans CCP. Hagnaður ársins nam 2,7 milljörðum króna, samanborið við tap upp á 8,7 milljarða króna árið áður. Um er að ræða rúmlega ellefu milljarða króna viðsnúning í rekstri félagsins. Heildareignir í árslok námu 10,4 milljörðum króna. Eigið fé nam 4,6 milljörðum króna.

### 106,8 milljarða hagnaður

Viðskiptabankarnir þrír högnuðust um 106,8 milljarða króna árið 2015. Arion banki hagnaðist mest eða um tæpa fimmtíu milljarða króna, Landsbankinn hagnaðist um 36,5 milljarða króna og Íslandsbanki hagnaðist um 20,6 milljarða króna. Hagnaður Íslandsbanka dróst saman milli ára, en hagnaður hinna bankanna jókst milli ára.

### 2,8 prósent atvinnuleysi

Hlutfall atvinnulausra af vinnuafli var 2,8 prósent í janúar. Samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands voru að jafnaði 192.500 manns á aldrinum 16-74 ára á vinnumarkaði í janúar 2016, sem jafngildir 81,7 prósenta atvinnuþátttöku. Af þeim voru 187.200 starfandi og 5.400 án vinnu og í atvinnuleit. Hlutfall starfandi af mannfjölda var 79,5 prósent.

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 2. mars**
**MAREL** - Aðalfundur.

**Fimmtudagur 3. mars**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Valdir liðir útflutningsvöru og þjónustu.

**Föstudagur 4. mars**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vöruviðskipti við útlönd, febrúar 2016, bráðabirgðatölur.
**NÝHERJI** - Aðalfundur.

**Þriðjudagur 8. mars**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum.

**Miðvikudagur 9. mars**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum.

**Fimmtudagur 10. mars**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Velta í virðisaukaskattskyldri starfsemi.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2015.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Landsframleiðslan 2015, bráðabirgðatölur.
**ICELANDAIR GROUP** - Aðalfundur.
**SÍMINN** - Aðalfundur..

vísir Allar markaðsupplýsingar




## Kostir þess að leigja.

Þú greiðir fasta upphæð á mánuði í þrjú ár og því er ekki þörf að leggja út fyrir öllum kostnaði í einu. Kostnaður við hvern starfsmann verður þekktur og ábyrgð er á búnaðinum út samningstímann. Að samningstíma loknum er mögulegt að endurnýja búnaðinn.

**Settu saman pakka sem hentar þér.**
Nánar á www.ok.is/eigduleigdu – sala@ok.is

Opin Kerfi
*– allt er mögulegt*

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# Mikil tækifæri í ævintýraferðamennsku

**Ævintýraferðamennska á heimsvísu er metin á yfir 32 þúsund milljarða íslenskra króna. Mikil tækifæri eru í greininni, en ævintýraferðamenn eyða að jafnaði fjörutíu prósentum meira en hefðbundnir ferðamenn. Þörf er á fjárfestingu í greininni á Íslandi.**



Þörf er á aukinni fjárfestingu í ævintýraferðamennsku á Íslandi að mati Cote-Valiquette. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ævintýraferðamennska er ein örast vaxandi grein innan ferðaþjónustunnar í heiminum í dag. Greinin óx um sextíu prósent milli áranna 2011 og 2012. Gríðarlegur tekjur fylgja greininni en ævintýraferðamenn eru að jafnaði betur menntaðir, með hærri tekjur, og eyða talsvert lengri tíma og meiri peningum á ferðalögum sínum en hefðbundnir ferðamenn,“ segir Gabriel Cote-Valiquette. Hann hélt erindi um málið á Iceland Tourism Invest ráðstefnunni í gær.

Cote-Valiquette er frá Kanada, hann hefur unnið við ferðamennsku í áratug og er verkefnastjóri yfir námi í ævintýraleiðsögn, sem er námsbraut á vegum Keilis og Thompson Rivers University í Kanada.

Í erindi sínu gerði hann grein fyrir stöðu ævintýraferðamennsku úti um allan heim og reynslu hans af henni bæði í Bresku Kólumbíu í Kanada og á Íslandi. „Eitt það erfiðasta við ævintýraferðamennsku er að skilgreina hana,“ segir Cote-Valiquette en hann skilgreinir hana sem það að uppfylla tvennt af þrennu, að fela í sér hreyfingu, samskipti við umhverfið eða menningarleg samskipti. Ævintýraferðamennska var metin á rúmlega 250 milljarða Bandaríkjadala árið 2014, jafnvirði rúmlega 32 þúsund milljarða íslenskra króna.

Í Bresku Kólumbíu varð sannkölluð sprenging í ævintýraferðamennsku á tíunda áratug síðustu aldar. Starfsmenn greinarinnar lærðu heilmikið af þeirri reynslu og þurftu að skipuleggja sig betur, og meðal annars takmarka aðgengi ferðamanna að ýmsum stöðum. Í dag er greinin þó gríðarlega stór þar, 2.500 fyrirtæki starfa eingöngu í ævintýraferðamennsku í fylkinu, og mikið hefur verið lagt upp úr greininni. Velta af ævintýraferðamönnum nemur tuttugu prósentum af heildarveltu af ferðamönnum á svæðinu.

„Ég held að gríðarleg tækifæri séu í greininni á Ísland. Hér er allt sem til þarf til að viðhalda ferðamennsku, meðal annars óspillt náttúra, og rík menning,“ segir Cote-Valiquette. Hann telur að ævintýraferðamennska samrýmist sýn hagsmunaaðila í ferðaþjónustu, að hámarka tekjur af ferðaþjónustu og á sama tíma að lágmarka umhverfisáhrif hennar. Hann bendir á að ferðamenn sem sæki í ævintýraferðir vilji að jafnaði vera umhverfisvænni en hefðbundnir ferðamenn.

> **Ævintýraferðamenn eru að jafnaði betur menntaðir, með hærri tekjur, og eyða talsvert lengri tíma og meiri peningum á ferðalögum sínum en hefðbundnir ferðamenn.**
>
> Gabriel Cote-Valiquette

Að erindi Cote-Valiquette loknu hófust pallborðsumræður meðal frumkvöðla á sviði ævintýraferðamennsku hér á landi. Þar kom fram að Ísland er meðal topp fimm landa í ævintýraferðamennsku í heiminum og því sé mikið af tækifærum hér. Þátttakendur sögðu að fjárfestar væru í auknum mæli farnir að skoða þessi fyrirtæki en ekki bara hótel.

Þeir voru sammála um að mikilvægt væri að dreifa þessum ferðamönnum vel, og hafa jafnvel takmarkanir við ákveðin svæði, en einnig að hafa í huga að ekki úi og grúi af þeim alls staðar. Þátttakendurnir voru einnig sammála um mikilvægi þess að herða leyfiskröfur til ferðaþjónustuaðila. Á endanum fullyrti Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, að svo virðist sem ævintýraferðamennska á Íslandi sé að ljúka sínum fyrsta fasa með frumkvöðlum, en núna sé hún að færast á næsta stig með fjárfestum. **saeunn@frettabladid.is**






## Grimmileg vörn fyrir sérhagsmuni



**Daði Már Kristófersson, auðlindahagfræðingur og forseti félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.**

„Það er sorglegt í þessari umræðu að þarna eru ríkir sérhagsmunir varðir mjög grimmilega með því að um neytendahagsmuni sé að ræða. Ég held að við sjáum mjög glöggt að svo er ekki,“ sagði Henny Hinz á fundi um búvörusamninga á Grand Hóteli í gær. Samningurinn, sem undirritaður var 19. febrúar, felur í sér rúmlega 130 milljarða króna greiðslur til bænda á tíu árum.

Henny segist telja að margt hefði mátt gera, sem hefði gagnast neytendum, en hefði líka verið til mikilla bóta fyrir greinina í heild. Undir þetta tók Daði Már Kristófersson, dósent í hagfræði. Hann sagði litlar breytingar felast í samningnum frá núverandi kerfi.

Daði sagði að allar breytingarnar á samningnum, jafnvel þótt einhverjar væru jákvæðar, væru mjög hægfara. „Samningurinn er til tíu ára. Fyrstu fimm árin á nákvæmlega ekkert að gerast. Það finnst mér rosalega mikill fyrirvari á ekki meiri breytingum en raun ber vitni.“

Daði Már vill auka samkeppni á markaðnum og auka þannig aðhald. „Þetta ættum við að gera með því að semja um gagnkvæman markaðsaðgang við nágrannaríkin. Breyta samkeppni í framleiðslu og vinnslu með því til dæmis að láta reglur samkeppnislaga ná utan um landbúnað.“

Þá sagðist Daði Már vilja breyta stuðningsfyrirkomulaginu meira í almennan stuðning, sem myndi stuðla að framleiðniaukningu, nýsköpun og þróun. Stuðningurinn ætti ekki að einskorðast við framleiðslu á lambakjöti og mjólk.

Daði Már benti á að nú þegar hefðu verið gerðar verulegar breytingar með afnámi tolla á grænmeti; tómata, gúrku og papriku. Þessar breytingar hefðu að mörgu leyti verið skynsamlegar. Tollvernd hafi verið afnumin en framleiðslustuðningur verið settur á. „Niðurstaðan úr þessu varð sú að verð lækkaði mjög mikið. Framleiðendum fækkaði mjög mikið en markaðurinn stækkaði mjög mikið,“ segir Daði. Hann segir ábatann fyrir neytendur hafa glögglega komið fram í verðþróuninni og segir verð hafa lækkað um helming. **– jhh**


STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTIONS KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE
SÍÐAST SELDIST UPP Á 4 SÝNINGAR!
REYKJAVÍK
LONDON
NEW YORK
DUBAI
LAS VEGAS
STOMP
HARPA 11. & 12. JÚNÍ
„SANNKALLAÐIR SVIÐSTÖFRAR!“
- THE SUNDAY TELEGRAPH
„ÓTRÚLEGUR KRAFTUR, FÁGUN OG HNYTTNI!“
- THE INDEPENDENT ON SUNDAY
„UNDRAVERÐ ORKA OG ÓTRÚLEGUR AGI!“
- THE EVENING STANDARD
MIÐASALA HEFST 10. MARS KL. 10!
Floridana
LIFÐU VEL!
MIÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU.
PÓSTLISTAFORSALA SENU LIVE FER FRAM 9. MARS. NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP
sena LIVE!



Dæluskipið Perla sökk í Reykjavíkurhöfn í nóvember. Tókst að koma skipinu á flot en örlög þess voru sett í hendur tryggingafélags Björgunar, eigenda Perlu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ný reikningsskil skapa milljarða í arð

**VÍS, Sjóvá og TM munu hafa greitt tæpa 30 milljarða til eigenda sinna frá 2013 gangi áform um arðgreiðslur og endurkaup hlutabréfa eftir. Félögin drógu úr afsláttum og hækkuðu iðgjöld í fyrra. Tryggingarekstur á að standa undir sér en ekki treysta á fjárfestingatekjur.**

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



Íslensku tryggingafélögin þrjú í Kauphöll Íslands hyggjast greiða eigendum sínum 8,5 milljarða í arð og kaupa af þeim hlutafé fyrir allt að 3,8 milljarða samkvæmt tillögum stjórna sem lagðar verða fyrir á aðalfundum þeirra í mars. Samanlagður hagnaður þeirra var 5,6 milljarðar á síðasta ári.

Alls munu tryggingafélögin hafa greitt eigendum sínum tæpa 30 milljarða frá árinu 2013 gangi endurkaupaáætlanir og áform um arðgreiðslur eftir.

Þá skilaði Vörður, sem ekki er skráður í Kauphöllina, methagnaði, 658 milljónum króna. Ekki hefur verið tilkynnt um tillögu að arðgreiðslu en félagið greiddi 300 milljónir króna í arð á síðasta ári.

Hæstan arð stefnir VÍS á að greiða eða 5 milljarða, en félagið hagnaðist um 2 milljarða á síðasta ári. Þá stefnir Sjóvá, sem hagnaðist um 657 milljónir króna í fyrra, á að greiða 3 milljarða í arð og fá heimild til að kaupa 157 milljónir eigin bréfa á næstu 18 mánuðum sem á núverandi markaðsvirði eru metin á 2 milljarða króna. Stefnt er að því að nýta hluta upphæðarinnar til að kaupa hluta af hlut ríkisins í Sjóvá. Ríkissjóður varð stærsti hluthafi Sjóvár, á 13,7 prósenta hlut, eftir afhendingu stöðugleikaframlags Glitnis til ríkisins í byrjun ársins.

TM, sem hagnaðist um 2,8 milljarða á síðasta ári, hyggst greiða 1,5 milljarða í arð og stefnir því til viðbótar á að kaupa eigin hlutabréf fyrir 1,8 milljarða króna á árinu.

**Ný reikningsskil mynda svigrúm**

Sigurður Örn Karlsson, sérfræðingur hjá IFS greiningu, bendir á að arðgreiðslurnar í tilfelli Sjóvár og VÍS séu að hluta til tilkomnar vegna nýrra reikningsskilaaðferða sem félögin tóku upp í samræmi við Solvency II tilskipun Evrópusambandsins, sem innleiða á á Íslandi. Með hinni nýju aðferð lækkaði vátryggingaskuld Sjóvár í ársbyrjun 2014 um 2,7 milljarða og eigið fé hækkaði um 2,2 milljarða. Þá lækkaði vátryggingaskuld VÍS um 5 milljarða og eigið fé hækkaði um 3,7 milljarða vegna breytinganna. Þá gaf VÍS í síðustu viku út víkjandi skuldabréf að fjárhæð 2,5 milljarða króna, en eigendur skuldabréfsins fá síðast greitt út af lánveitendum félagsins lendi félagið í fjárhagserfiðleikum. Því megi flokka skuldabréfið með eigin fé félagsins í gjaldþoli þess, og því auki það svigrúm VÍS til að greiða arð að sögn Sigurðar. Gjaldþol félagsins er eigið fé félagsins að frádregnum óefnislegum eignum.

**Arður renni fremur til neytenda**

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir að miðað við framsetningu tryggingafélaganna hafi tjón verið ofáætlað sem renna ætti til viðskiptavina tryggingafélaganna en ekki í arðgreiðslur. „Hluti af uppgjöri hinna ýmsu vátryggingargreina, til dæmis ökutryggingar sem að stærstum hluta eru skyldutryggingar, lögbundnar, er það að menn áætla tjón og setja í sjóði til að mæta áætluðum tjónakostnaði. Miðað við þessa framsetningu þá er búið að ofáætla, þannig að menn hafa borð fyrir báru,“ segir Runólfur.

„Í orðræðu sem hefur verið á liðnum árum, þá hafa fulltrúar vátryggingafélaganna vísað til þess að þar sé sannarlega um skuld að ræða, þannig að það er sannarlega sú túlkun uppi að þetta sé eitthvað sem komi til með að greiðast til vátryggingartaka og tjónþola en ekki að þetta sé óinnleystur hagnaður eigenda,“ segir hann.

„Síðan er hægt að greiða þessi ofáætluðu tjón sem arð til hluthafa, langt umfram hagnað fyrirtækisins. Í eðlilegu viðskiptaumhverfi myndi svona ekki ganga.“

Runólfur bendir á að til að mynda bifreiðatryggingar, brunatryggingar og fleiri tryggingar séu

## Lykiltölur í rekstri tryggingafélaganna 2014 og 2015

| Upphæðir í milljónum króna | Sjóvá | | TM | | VÍS | | Vörður | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2015 | 2014 | 2015 | 2014 | 2015 | 2014 | 2015 | 2014 |
| Eigin iðgjöld*** | 13.317 | 12.826 | 12.635 | 11.305 | 16.016 | 15.356 | 5.475 | 4.973 |
| Samsett hlutfall | 103,9% | 94,8% | 103,3% | 99,0% | 101,5% | 104,5% | 105,9% | 98,3% |
| Fjárfestingatekjur | 4.623 | 1.297 | 4.061 | 2.615 | 4.076 | 2.439 | 1.164 | 446 |
| Eigin tjón** | -10.596 | -8.932 | -10.318 | -8.654 | -12.712 | -12.659 | -4.562 | -3774 |
| Hagnaður | 657 | 1.055 | 2.827 | 2.074 | 2.076 | 1.240 | 658 | 385 |
| Arður og endurkaup eigin bréfa* | 3.215 | 4.372 | 3.300 | 2.128 | 5.000 | 3.716 | Óvíst | 300 |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | | |
| Eignir | 41.435 | 44.251 | 31.720 | 31.078 | 46.331 | 46.466 | 11.330 | 10.264 |
| Eigið fé | 16.291 | 17.810 | 12.159 | 13.960 | 19.180 | 15.956 | 3.475 | 3.116 |
| Skuldir | 25.143 | 26.441 | 19.562 | 17.118 | 27.150 | 30.510 | 7.855 | 7.148 |

** Tillögur um arðgreiðslur vegna ársins og tilkynnt áform um endurkaup hlutabréfa*
***Eigin tjón eru útgreidd tjón að frádregnum greiðslum til tryggingafélaganna vegna endurtrygginga*
****Eigin iðgjöld eru iðgjöld að frádregnum endurtryggingum*

**Aðalatriðið er að verðleggja áhættuna rétt. Ef tjónakostnaður er þannig að hann er alltaf hærri en iðgjöld þurfa þeir að öllum líkindum að hækka verð til þess að halda því réttum megin.**

Sigurður Örn Karlsson, sérfræðingur hjá IFS greiningu



**5**

**milljarða hyggst VÍS greiða í arð. Hagnaður félagsins var 2 milljarða króna árið 2015.**

# LEIKLISTIN SKRIFUÐ Í STJÖRNURNAR

**Atli Óskar Fjalarsson** (23) er ungur og efnilegur leiklistarnemi sem stundar nám við New York Film Academy í Los Angeles. Atli hefur þegar leikið í nokkrum íslenskum kvikmyndum og í síðasta mánuði var hann útnefndur rísandi stjarna eða Shooting Star á kvikmyndahátíðinni í Berlín. Þá var Atli einnig tilnefndur til Eddu-verðlaunanna.



**Atli Óskar Fjalarsson fékk samning við eina stærstu umboðsskrifstofu í Hollywood sem nefnist Paradigm eftir að hann var valinn rísandi stjarna á kvikmyndahátíðinni í Berlín.** MYND/VILHELM

Atli Óskar var tilnefndur sem leikari í aðalhlutverki til Eddunnar á sunnudaginn fyrir leik sinn í Þröstum. Það verður að teljast góður árangur þótt ekki hafi hann unnið verðlaunin að þessu sinni. Atli segir að sig hafi langað til að læra leiklist í Bandaríkjunum. „Ég sótti um skóla í New York og Los Angeles. Ég komst inn í skólann hér í LA og er búinn að vera hér í eitt og hálft ár," segir Atli Óskar sem ætlar að ljúka námi vorið 2017.

Þegar Atli er spurður hvort einhver spennandi verkefni séu á döfinni, svarar hann: „Það eru nokkur verkefni en ekkert sem er staðfest eða ég má tala um. Ég var að komast á samning hjá einni af fimm stærstu umboðsskrifstofum í Hollywood sem nefnist Paradigm og það mun örugglega veita mér ný tækifæri. Það er margt spennandi að gerast fram undan," svarar Atli sem hefur leikið í fjórum íslenskum bíómyndum, Óróa, Gauragangi, Ávaxtakörfunni og Þröstum.

Atli Óskar segir að það hafi verið ótrúlegur heiður að vera valinn rísandi stjarna á kvikmyndahátíðinni í Berlín. „Það eru svo margir frábærir leikarar sem hafa verið valdir þarna, bæði Íslendingar og erlendir listamenn. Ég er rosalega glaður yfir að vera á sama blaði og þessir listamenn," segir hann. Áhrifanna gætti strax þar sem haft var samband við Atla frá Paradigm eftir að hann var valinn rísandi stjarna í Berlín.

Atli heillaðist af Berlín en þangað hafði hann ekki komið áður. „Ég hafði komið til Þýskalands nokkrum sinnum en ekki til Berlínar. Ég fékk því miður lítinn tíma til að skoða hana almennilega en ég fékk að sjá hana út um bílglugga að mestu. En ég vingaðist við þýsku stjörnuna Jella Haase, sem bauðst til að hýsa mig ef ég kæmi einhvern tíma aftur og sýna mér borgina. Svo á ég fleiri góða vini þarna sem eru að stúdera tónlist þannig að það er aldrei að vita nema maður fari aftur áður en langt um líður."

Atli Óskar segist ekki hafa ætlað sér að feta leiklistarbrautina. „Ég gekk lengi með þann draum að verða læknir. Svo langaði mig að verða rannsóknarlögregla eins og frændi minn," segir hann. „Eftir að ég lék í kvikmyndinni Óróa var ekkert annað í stöðunni en að verða leikari. Afi minn heitinn var mikill leikari, hann og amma voru driffjaðrir hjá Leikfélagi Kópavogs. Pabbi lék þar líka á sínum tíma. Einhvern tíma álpaðist mamma þangað inn og þar kynntust foreldrar mínir. Ætli þetta hafi ekki verið skrifað í stjörnurnar," segir hann.

> Áhrifanna gætti strax þar sem haft var samband við Atla frá Paradigm eftir að hann var valinn rísandi stjarna í Berlín.

Atli Óskar ólst upp í Laugardalnum. Hann gekk í Langholtsskóla og segist hafa flutt að heiman aðeins 18 ára. Hann kann vel við sig í Los Angeles og segir að margir Íslendingar séu þar. „Það er oft talað um vesturfarana sem sóttu mikið í nám hérna á níunda og tíunda áratugnum og margir þeirra settust hér að. Svo róaðist þetta, en núna er eins og önnur sprenging hafi orðið og hérna er fullt af flottu fólki að læra leiklist, tónlist og fleira og margir hverjir að vinna í bransanum."

Hann segist ekki sjá margar Hollywood-stjörnur í sínu daglega lífi. „Maður sér oft fólki bregða fyrir sem maður kannast við og stundum dettur maður í spjall ef þannig liggur á mér. Annars er ég ekki mikið að kippa mér upp við það. Þetta er jú bara fólk eins og ég og þú sem vinnur sína vinnu og á sitt líf."

Þegar Atli Óskar er spurður um heimþrá svarar hann: „Ég fékk smá heimþrá fyrstu jólin mín hér, þá langaði mig heim í jólasteik til mömmu. Annars er ég of upptekinn í skólanum svo ég hef ekki haft tíma til að pæla í því. Það er samt alltaf gaman að koma heim og ég hlakka alltaf mest til að knúsa mömmu. Síðast þegar ég heimsótti klakann var ég með lista yfir mat sem ég saknaði að heiman. Noodle Station var þar efst á listanum," segir þessi ungi listamaður. **elin@365.is**


# Fjórir öflugir flensubanar

natures aid

**C-vítamín 1000mg**

Öflugt C-vítamín með lítilli sýru sem hentar sérlega vel í viðkvæman maga.




**Hvítlaukur**

Hvítlaukurinn er kald-unninn til að tryggja virkni innihaldsins.




**Immune Support+**

Inniheldur: A-, C- og D-vítamín, sínk, kopar, selen, hvítlauk, Beta glúkan og ylli.




**Sólhattur**

Þekkt lækningajurt og mikið notuð í þeim tilgangi að fyrirbyggja og milda einkenni kvefs og umgangspesta.




GMP vottaðar vörur
Margverðlaunuð vítamínlína
Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana







Berglind Jóna Hlynsdóttir myndlistarmaður opnar sína fyrstu einkasýningu í opinberu safni á morgun í D-sal í Hafnarhúsinu. MYND/ERNIR

# EINFÖLD MYND AF STÓRU FYRIRBÆRI

**Berglind Jóna Hlynsdóttir** myndlistarmaður opnar sýningu í D-sal Hafnarhússins á morgun og aðra í Nýlistasafninu á laugardag. Í verkum sínum fjallar hún um skiptingu þjóðfélagshópa og landamæri.

Þetta er mín fyrsta einkasýning í opinberu safni og verkið heitir Class Divider. Class Divider þýðir stéttaskipting og er byggt á verki sem ég setti upp í Konsthall í Svíþjóð árið 2010 en á þeim tíma vann ég pólitísk verk sem fjölluðu um það sem var að gerast á Íslandi fyrir og eftir hrun,“ segir Berglind Jóna Hlynsdóttir myndlistarmaður en hún opnar sýninguna Class Divider í Hafnarhúsinu á morgun.

Í verkum sínum fjallar Berglind gjarnan um manngert umhverfi, tilgang þess og áhrif á samfélagið. Class Divider er til að mynda hannað í þeim tilgangi að aðgreina flugfarþega. Berglind segir það einfalda mynd af miklu stærra fyrirbæri.

„Í heiminum eru alls konar fyrirbæri sem flæða inn í samfélagsgerðina, til dæmis gegnum í arkitektúr, en birtast okkur ekki sem skýrar myndir af því sem þau eru og hvað þau gera. Það sem mér fannst áhugavert við Class Divider er að þetta er léttur og fallegur hlutur að ýmsu leyti en skiptir upp flugrýminu. Class Divider er frekar léttvæg landamæri, það heyrast hljóð í gegnum þau og oft sést í gegnum gardínuna en þetta er táknmynd fyrir stað í veruleikanum þar sem eru skil. Það væri hægt að mæla hversu mikið af steinsteypu fólkið á öðrum megin við þessi skil og svo hinum megin og þá væru líklega komin upp alvöru hlutföll, það væri hægt að horfa á hversu mikið rými í veruleikanum þessir tveir hópar eiga, eða hversu mikil völd eða áhrif á umhverfi sitt þeir hafa. Class Divider er því í mínum huga einföld mynd af því sem er miklu stærra fyrirbæri,“ segir Berglind.

> „Í heiminum eru alls konar fyrirbæri sem flæða inn í samfélagsgerðina

Í aðdraganda verksins safnaði Berglind myndum úr flugvélum og komst að því að skilrúmið á sér ýmsar útfærslur. „Svona stéttaskiptingar eru af ýmsum toga og meira að segja í ýmsum litum. Stundum eru þetta rúllugardínur, stundum hundageymsluhólf, sum eru úr panel og mörg einföld gardína sem hangir í miðjum gangveginum. Myndlistarlega séð geta hlutir oft gefið af sér mynd þess umhverfis sem þeir koma frá. Þegar Class Divider gardínan er tekin út úr flugvélinni minnir hún á dauðan fugl. Class Dividerinn í flugvélinni sýnir þó ekki þann hóp sem á mest af peningum í heiminum, sá hópur flýgur á eigin flugvélum og þyrlum. Fólk sem á annað borð getur keypt sér far með flugvél nýtur þegar ákveðinna forréttinda, við getum valið okkur áfangastaði og eigum flest yfirleitt vísa heimleið. Það er áhugaverð hugleiðing í ljósi þeirra aðstæðna sem skapast hafa í heiminum undanfarið.“

Auk sýningarinnar í Hafnarhúsinu mun Berglind taka þátt í samsýningunni Double Bind sem opnuð verður í Nýlistasafninu á laugardag. Þar vinnur hún með sömu hugmynd, skiptingu hópa í samfélaginu og landamæri. Sýningin Class Divider verður opnuð á morgun, fimmtudag, klukkan 17 í D-sal Hafnarhússins. Á laugardaginn verður sýningin Double Bind opnuð klukkan 15 í Nýlistasafninu og síðar sama kvöld fer fram tónlistargjörningur í Mengi í tengslum við sýninguna.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429







# BIOTHERM DAGAR

## Í LYFJU 2.- 4. MARS

**GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR ÞEGAR ÞÚ KAUPIR BIOTHERM VÖRUR FYRIR 7.800 KR. EÐA MEIRA.**




## „MUST HAVE" FRÁ BIOTHERM:

- **UNDIRBÚÐU SUMARIÐ MEÐ BODY REFIRM ANTI-CELLULITE OIL,** OLÍU SEM AÐLAGAST HÚÐINNI SAMSTUNDIS, MINNKAR APPELSÍNUHÚÐ, STYRKIR OG ÞÉTTIR HÚÐINA. VIRKA EFNIÐ Í OLÍUNNI, ASTAXANTHIN, ER EITT ÖFLUGASTA ANDOXANDI EFNI SEM FYRIRFINNST Í NÁTTÚRUNNI OG ER UNNIÐ ÚR RAUÐÞÖRUNGUM. SJÁANLEGUR ÁRANGUR EFTIR AÐEINS 2 VIKUR.
- **LAIT CORPOREL BB HÚÐMJÓLK FYRIR LÍKAMANN** SEM GEFUR SAMSTUNDIS JAFNAN, FALLEGAN HÚÐLIT OG FRÍSKAR UPP Á HÚÐINA OG GEFUR RAKA Í ALLT AÐ 24 KLST.

**20%**
**KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM BIOTHERM VÖRUM.**

Tilboðið gildir í Lyfju Lágmúla, Laugavegi, Smáralind, Smáratorgi og Reykjanesbæ.

LYFJA
– Lífið heil

skyldutryggingar. „Þetta er eitthvað sem þú kemst ekkert undan að kaupa. Á okkar markaði ert þú bara með þessa fjóra aðila sem þú getur verslað við,“ segir Runólfur.

„Það sem við sjáum líka, sem er sterk vísbending um fákeppni, er að öll félögin eru nánast að bjóða upp á sömu vöruna,“ segir hann.

**Breytingar með nýrri stjórn VÍS**

Breytingar hafa verið gerðar á rekstri VÍS eftir að hluthafafundur kaus nýja stjórn í nóvember. Kallað var til hluthafafundarins í kjölfar þess að tveir hópar keyptu yfir 5 prósenta hlut í VÍS. Annars vegar var um að ræða félagið Óskabein ehf. og hins vegar hjónin Guðmund Þórðarson og Svanhildi Nönnu Vigfúsdóttur, fyrrverandi eigendur Skeljungs. Guðmundur og Norðmaðurinn Jostein Sørvoll, fulltrúi Óskabeins, náðu báðir kjöri í stjórn VÍS.

Andri Gunnarsson, hluthafi í Óskabeini og varamaður í stjórn VÍS, segir að þær áætlanir sem Óskabein hafi lagt upp með hafi í meginatriðum gengið eftir. „Við sáum að það væri umtalsvert svigrúm til arðgreiðslu, bæði með útgáfu á víkjandi bréfi sem TM var búið að gera, og svo hitt að það kom fram í stjórnendakynningum á síðasta ári að áhrifin af hinum nýja reikningsstaðli yrðu afturvirk til ársbyrjunar 2014.“

Þá sendi VÍS viðskiptavinum sínum bréf í lok nóvember þar sem tilkynnt var að iðgjöld yrðu hækkuð vegna slæmrar afkomu.

Skömmu fyrir jól tilkynnti stjórn VÍS að hún hygðist þiggja 75 prósenta hækkun reglulegra launa sem samþykkt hafi verið á síðasta aðalfundi. Vegna mikillar umræðu í samfélaginu síðasta vor ákvað þáverandi stjórn VÍS að þiggja ekki launahækkunina. Stjórnarmönnum eru því nú greiddar 350 þúsund krónur á mánuði og laun stjórnarformanns eru 600 þúsund krónur á mánuði. Stjórnin sendi í kjölfarið frá sér tilkynningu þar sem fram kom að viðbótargreiðslum fyrir fundi hafi verið hætt og að launakjör stjórnarmanna VÍS væru nú svipuð því sem gerðist í sambærilegum félögum á markaði.

**Verri afkoma af tryggingum**

Rekstur tryggingafélaga skiptist í meginatriðum í tvennt, afkomu af tryggingarekstrinum sjálfum og svo hins vegar af fjárfestingum. Tryggingareksturinn er yfirleitt mældur með svokölluðu samsettu hlutfalli sem reiknað er sem tjónakostnaður og rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum. Á síðasta ári fór hið samsetta hlutfall versnandi hjá öllum félögunum að VÍS undanskildu en var yfir 100 prósent hjá þeim öllum. Verst var útkoman hjá Verði þar sem samsetta hlutfallið hækkaði úr 98,3 prósentum árið 2014 í 105,9 prósent árið 2015.

Öll tryggingafélögin hafa sett sér það markmið að koma samsetta hlutfallinu undir 100 prósent sem þýðir að fyrir hverjar 100 krónur sem fást í iðgjöld séu útgreiðslur vegna tjóna og kostnaðar undir 100 krónum.

Meðal annars sem viðbragð við þessu hækkuðu VÍS, Sjóvá og Vörður öll iðgjöld á síðasta ári. Sigurður segir að TM hafi lagt áherslu á að hækka iðgjöld hjá tjónaþungum viðskiptum. Þá séu öll félögin að vinna í því að draga úr afsláttum til viðskiptavina.

„Við höfum talað um það í eitt og hálft ár að tryggingafélögin þyrftu að gera eitthvað í þessari verðlagningu. Afkoma ökutækjatrygginga og annarra trygginga væri ekki viðunandi,“ segir hann. Hins vegar hafi reynst erfitt fyrir tryggingafélögin að hækka verðskrár árið 2014 og í byrjun árs 2015 vegna samkeppninnar á tryggingamarkaði að sögn Sigurðar.

„Aðalatriðið er að verðleggja áhættuna rétt. Ef tjónakostnaður er þannig að hann er alltaf hærri en iðgjöld þurfa þeir að öllum líkindum að hækka verð til þess að halda því réttum megin,“ segir hann.

Afkoma í hinum armi tryggingafélaganna, tekjum af fjárfestingum ,var hins vegar góð á síðasta ári. „Fjárfestingastarfsemin var að skila mjög góðu ári, umfram væntingar,“ segir Sigurður.

Sigurður segir ávöxtun tryggingafélaganna hafa verið í takti við ávöxtun á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum. Miklar hækkanir urðu á hlutabréfamarkaði á síðasta ári en Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um 49 prósent að teknu tilliti til arðgreiðslna.

Sigurður segir samsett hlutföll samanburðartryggingafélaga erlendis hafi verið lægra en hér á landi. „Í samanburðarfélögum er það rétt yfir 93-94 prósent. Þannig að afkoman af tryggingunum er betri þar.“



Kvartað var sérstaklega undan lélegu ástandi vega í uppgjörskynningu VÍS.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Tjónum fjölgar í efnahagsuppsveiflu

Guðmundur Jóhann Jónsson forstjóri segir að útgreiðsla tjóna aukist í efnahagsuppsveiflu. „Almennt er þróun mála þannig að í þessu bætta efnahagsástandi aukast tjón mikið,“ segir hann.

Undir þetta tekur Sigurður Örn Karlsson og bendir á að almennt hækki hið samsetta hlutfall eftir því sem umsvif í efnahagslífinu aukist. „Samsett hlutfall hjá tryggingafélögunum var lægra eftir hrunið, en er farið að hækka aftur.“

Sérstaklega hafi afkoma tryggingafélaga í ökutækjagreinum verið erfið. „Þetta fylgir hagvextinum og auknum kaupmætti, lágu olíuverði og fjölgun ferðamanna. Umferð á vegum landsins er að aukast milli ára sem skilar sér í fjölgun tjóna,“ segir hann.

Þá er tekið fram í uppgjörskynningu VÍS að viðhaldi vega sé ábótavant. Bílrúðutjónum hafi fjölgað um 23,6 prósent milli ára. Guðmundur á von á því að tryggingafélögin muni leggja áherslu á að rukka þá sem lendi í flestum slysum um hærri iðgjöld. „Ég held að það séu öll félögin í þeirri vegferð að bæta hjá sér áhættumat og tengja iðgjaldasetninguna við þær niðurstöður,“ segir hann.

**Þetta er eitthvað sem þú kemmst ekkert undan að kaupa. Á okkar markaði ert þú bara með þessa fjóra aðila sem þú getur verslað við.**



Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda




# Á meðan við prentum fyrir þig…

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

GUNNAR GUNNARSSON



## Ráðinn forstöðumaður áhættustýringar

Gunnar Gunnarsson hefur verið ráðinn forstöðumaður áhættustýringar hjá Creditinfo á Íslandi. Gunnar mun leiða líkanagerð og vöruþróun tengda áhættustýringu.

Gunnar hefur starfað um árabil á sviði áhættustýringar. Gunnar er með doktorspróf í stærðfræði frá Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, MA-gráðu í stærðfræði frá sama skóla og B.Sc.-gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands. – sg

BRJÁNN JÓNASSON



## Fer til starfa hjá BSRB

Brjánn Jónasson hefur hafið störf sem kynningarfulltrúi BSRB. Þar mun hann stýra ytri og innri upplýsingagjöf bandalagsins, skipulagningu funda og samskiptum við fjölmiðla.

Brjánn starfaði áður sem ráðgjafi hjá almannatengslafyrirtækinu Cohn & Wolfe á Íslandi. Fyrir það starfaði hann sem blaðamaður á Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Brjánn er með meistaragráðu í alþjóðablaðamennsku frá City University í London og BA-gráðu í mannfræði frá Háskóla Íslands. – jhh

LÁRUS SIGURÐUR LÁRUSSON



## Til liðs við Lögmenn Sundagörðum

Lárus Sigurður Lárusson héraðsdómslögmaður hefur hafið störf hjá Lögmönnum Sundagörðum. Lárus er einn reynslumesti lögfræðingur landsins í samkeppnisrétti. Hann var áður lögfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu og þar áður hjá Persónuvernd.

Lárus mun sérhæfa sig í verkefnum á sviði samkeppnisréttar, s.s. samrunum, opinberum samkeppnishömlum og undanþágum frá samkeppnislögum auk þess að annast hagsmunagæslu fyrir fyrirtæki í samskiptum við samkeppnisyfirvöld.

Lárus starfaði sem lögfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu árin 2010-2016. – jhh




Þór Bæring segir nýja eigendur Ölvisholts vilja koma framleiðslunni í lag og leyfa bruggmeistara Ölvisholts að njóta sín meira. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Reynslan úr heimi fjölmiðla nýtist vel í fyrirtækjarekstri

**Þór Bæring Ólafsson keypti ásamt fimm vinum sínum rekstur Ölvisholts. Hann vill leggja áherslu á að byggja upp vörumerkið og tengja reksturinn við ferðaþjónustu og bjóða fólki að skoða framleiðsluna.**

SVIPMYND
ÞÓR BÆRING ÓLAFSSON

Ferðamálafrömuðurinn Þór Bæring Ólafsson keypti á dögunum Ölvisholt brugghús ásamt fimm öðrum félögum sínum.

„Við ætlum fyrst og fremst að koma framleiðslunni í lag og leyfa bruggmeistaranum okkar að njóta sín meira,“ segir Þór Bæring. Hann segir að það hafi ekki verið nægilega mikið um nýjungar upp á síðkastið hjá Ölvisholti. „Það er margt gott en ekki komið neitt nýtt frá Ölvisholti í langan tíma. Við sjáum bara ótrúlega mörg tækifæri sérstaklega með þessari vakningu í kringum handverksbjórana.“

**Það er margt gott en ekki komið neitt nýtt frá Ölvisholti í langan tíma.**

Þór Bæring Ólafsson hjá Ölvisholti

Þór segir að það þurfi líka að hugsa vel um vörumerkið. „Það hefur verið í dvala satt að segja,“ segir Þór. Hann vill líka kanna forsendurnar fyrir því að bjóða fólki í auknu mæli í heimsókn í Ölvisholt og skoða framleiðsluna og fá að smakka. „Það er eitthvað sem hefur ekki verið nýtt síðustu ár.“ Þór hefur umtalsverða starfsreynslu úr ferðaþjónustu. Tólf ár eru síðan hann og Bragi Hinrik Magnússon stofnuðu ferðaskrifstofu sem hét Markmenn. „Það eru tólf ár síðan ég og Bragi félagi minn stofnuðum ferðaskrifstofu sem hét Markmenn. Eftir nokkur ár í því þá keypti Iceland Express af okkur þá ferðaskrifstofu. Við unnum í smá tíma þar en hættum og fórum í nám báðir tveir,“ segir Þór. Þegar nýtt flugfélag, WOW air, tók svo til starfa árið 2012 voru þeir spurðir að því hvort þeir væru til í að opna ferðaskrifstofu á nýjan leik. Úr varð að þeir stofnuðu Gaman Ferðir. „Fyrirtækið hefur stækkað gríðarlega hratt og auðvitað munaði heilmikið um að WOW air keypti helmingshlut í fyrirtækinu í fyrra.“

Þór Bæring er fjölmiðlamaður að uppruna og telur að sú reynsla nýtist vel. „Maður þarf alltaf að koma sér og vörunum sínum á framfæri. Það er hluti af þessu og það hefur klárlega reynst vel,“ segir Þór. Hann sé búinn að prófa að vera blaðamaður, útvarpsmaður, sjónvarpsmaður og fleira. „Það er góð reynsla og fullt af góðu fólki sem maður þekkir í kringum það.“

Hann segir að ferðalög og bjórdrykkja séu á meðal sinna áhugamála. „Það er virkilega gaman að ferðast og ég og fjölskylda mín höfum verið dugleg að gera það í gegnum tíðina. Þannig að það er alveg klárlega í fyrsta sæti. En síðan er góður matur og góðir drykkir alltaf að sjálfsögðu mjög gott líka,“ segir Þór. Hann er líka mikið í íþróttum og þá einkum í blaki og skvassi.

jonhakon@frettabladid.is

# Bezos og Zuckerberg á meðal þeirra ríkustu

Tæknitröllin Jeff Bezos, forstjóri Amazon, og Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook, skutu sér inn á topp tíu lista tímaritsins Forbes yfir ríkustu menn í heimi. Listinn var birtur í gær.

Bezos er í fimmta sæti en Zuckerberg í því sjötta. Bill Gates, sem er meðstofnandi Microsoft, hefur verið efstur á listanum sautján sinnum síðustu 22 árin. Hann er enn númer eitt á listanum jafnvel þótt eigur hans hafi rýrnað um 4,2 milljarða dala (550 milljarða króna). Þær nema núna um 75 milljörðum dala (9.750 milljörðum króna).

Mexíkaninn Carlos Slim fór aftur á móti úr öðru sæti í fjórða. Í stað hans kemur Amancio Ortega, sem á tískuvörukeðjuna Zöru. Hinn vel þekkti Warren Buffet er svo í þriðja sæti.

Zuckerberg er þrjátíu og eins árs. Eignir hans hækkuðu um 11,2 milljarða dala (1.460 milljarða króna) í fyrra og nema 44,6 milljörðum dala (5.800 milljörðum króna). Rekstur Facebook gekk vel í fyrra. Afkomutölur, sem voru birtar í síðasta mánuði, sýna að tekjur jukust um 44 prósent og námu 17,9 milljörðum dala (2.300 milljörðum króna) og hagnaður jókst um 25 prósent. Nam hagnaðurinn í fyrra 3,7 milljörðum dala (480 milljörðum króna).

Á lista Forbes voru 1.810 milljarðamæringar en þeir voru 1.826 árið á undan. Þar af eru einungis 190 konur en þær voru 197 árið á undan. Meðaleignir allra milljarðamæringanna námu 3,58 milljörðum dala (465 milljörðum króna).



Mark Zuckerberg nýtur þess að rekstur Facebook gekk mjög vel á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Forsetaframbjóðandinn, Donald Trump, var í 324. sæti á listanum. Eigur hans jukust um 400 milljónir dala (52 milljarða íslenskra króna) og námu 4,5 milljörðum dala (585 milljörðum íslenskra króna).

Tímaritið Forbes segir að erfiðar markaðsaðstæður í heiminum hafi mikil áhrif á listann. Aðstæður hafa einkum verið erfiðar í Kína. Þar eru nýir milljarðamæringar 70 talsins en 42 detta út af listanum. – jhh

**AUKATÓNLEIKAR!**
MIÐASALA HAFIN

....LIFUN



# TRÚBROT

Öll vinsælustu lög hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar **TRÚBROTS** verða flutt í Eldborgarsal Hörpu.
Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, **....LIFUN**, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár.

„Ég fór á föstudaginn var og skemmti mér alveg hreint konunglega. Þetta var hverrar krónu virði og rúmlega það svo ekki sé meira sagt.“

„Frábærir tónleikar, mikill kraftur í hljómsveitinni og Gunnar og Shady flott. Eins og maðurinn sagði, hverrar krónu virði.“

„Mæli sterklega með þessum tónleikum, gæti vel hugsað mér að fara aftur.“



## 26. MARS / AUKATÓNLEIKAR

**Miðasala hafin á tix.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.**

HARPA
DÆGURFLUGAN



Iðnaður
Almar Guðmundsson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

# Stóra myndin

Tæpur helmingur af útflutningsverðmætum vöru og þjónustu frá Íslandi á rætur í hinum fjölmörgu greinum iðnaðarins. Greinin veitir tugþúsundum manna vinnu og er grundvallaruppspretta verðmætasköpunar.

Velmegun, aukin framleiðni og bætt lífskjör eru þannig nátengd þróun og stöðu iðnaðarins sem aftur ræðst af starfsskilyrðum og þeim meginstraumum sem einkenna samfélagið á hverjum tíma. Margir slíkir kraftar munu móta nánustu framtíð og skipulag efnahagsstarfseminnar þarf að taka mið af því.

Loftslag fer hlýnandi og minni losun gróðurhúsalofttegunda, betri umgengni við umhverfið og bætt orkunýting er áskorun sem við verðum að takast á við. Iðnaðurinn er þar í lykilhlutverki – tilbúinn með hugmyndir og lausnir.

Við erum tiltölulega ung þjóð en erum að eldast. Með tímanum þurfa hlutfallslega færri vinnandi að standa undir verðmætasköpuninni. Þessi þróun er sérstök áskorun fyrir iðnaðinn þar sem fólk með iðnmenntun eldist mun hraðar. Það skýrist af óviðunandi ásókn í verk- og tækninám jafnvel þótt gnótt tækifæra bíði fólks með þessa hæfni.

Á næstu áratugum mun öldruðum fjölga hratt og á okkur hvílir sú skylda að sinna þeim vel en líka að vera sveigjanleg og bjóða þeim að vinna lengur sem það vilja og geta. Öldrun þjóðarinnar kallar á nýjar lausnir og atvinnulífið þarf að vera í forystu við að bjóða upp á hagkvæm úrræði – betri lausnir fyrir minna fé.

Við erum stödd í einni mestu tæknibyltingu sögunnar. Þótt efnahagslífið á Íslandi hafi lengst af verið drifið áfram af nýtingu náttúruauðlinda munu tæknibreytingar og framfarir skipta mestu í náinni framtíð.

Þau samfélög sem best ná að hagnýta sér tækni og þróa nýja munu skara fram úr. Ísland er í harðri samkeppni um að laða til sín og halda í mannauðsfreka starfsemi. Þótt skilyrði fyrirtækja til rannsóknar og þróunar hafi batnað umtalsvert á liðnum árum vantar mikið upp á að við stöndum keppinautum okkar jafnfætis.

Þetta er stóra myndin sem blasir við okkur. Á Iðnþingi 10. mars nk. leitum við svara við því hvernig atvinnulífið bregst við þessum vandasömu áskorunum og nýtir tækifærin sem í þeim felast. Við þurfum að vinna að mikilvægustu verkefnunum til að ná árangri samfélaginu öllu til heilla. Öflugur iðnaður skapar gott líf fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélag.

## Sjávarútvegurinn að taka við sér



Frá árinu 2011 hafa jarðskjálftar, flóðbylgja og kjarnorkuslys orðið til þess að tekjur sjávarútvegsins í Fukushima hafa dregist saman um 90 prósent. Fóru úr 44 milljónum dala á ári. Nú er sjávarútvegurinn að byrja að taka við sér. Sýni eru tekin úr fiskinum til þess að kanna geislavirkni. Hann er síðan seldur á markaði. Hér má sjá fiskimenn að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ekki bugast vegna órökrétts ótta



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Eftir því sem landfræðipólitísk spenna í Úkraínu hefur magnast og stríðið í Sýrlandi virðist versna dag frá degi hef ég hugsað sífellt meira um áhrif slíkra atburða á markaði og hagkerfi. Eitt er að skilja hvað er um að vera og annað að skilja hagfræði slíkra atburða. Hvaða áhrif hefur landfræðipólitísk spenna eða hryðjuverk á fjárfestingar og neysluákvarðanir?

Flestum hættir til að gefa sértækar skýringar á efnahagslegum og fjárhagslegum áhrifum slíkra atburða. En það er ekki þannig sem ég myndi líta á þetta. Tækin sem hagfræðingar nota til að skilja verðlagningu bjórs eða eftirspurn eftir fótboltamiðum má einnig nota til að skilja til dæmis sjálfsmorðssprengjuárásir eða hvernig markaðir bregðast við landfræðipólitískri spennu.

Þetta var lykilboðskapur nóbelsverðlaunahafans Gary Becker, sem lést 2014. Becker hlaut nóbelsverðlaunin í hagfræði 1992 „fyrir að hafa fært vettvang rekstrarhagfræðilegrar greiningar yfir á margvísleg svið mannlegrar hegðunar og samskipta, þar á meðal hegðunar utan markaða".

Í grein um „Ótta og viðbrögð við hryðjuverkum" frá 2011, sem hann skrifaði með Yona Rubinstein, sýndi Gary Becker fram á að áhrif hryðjuverka á efnahagsstarfsemi væru oft skammvinn og þótt þau væru kostnaðarsöm gæti fólk lært að hafa stjórn

> Það eru ekki hryðjuverk og landfræðipólitík sem eru líklegust til að leiða til heimskreppu, heldur hættan á mistökum seðlabanka heimsins.

á ótta sínum, og að efnahagsvhatar höfðu áhrif á hve vel það tækist.

Raungreining þeirra á sjálfsmorðsárásum í Ísrael sýndi að þótt áhrif sjálfsmorðsárása væru mikil fyrst í stað væru áhrifin skammvinn og kæmu til dæmis ekki í veg fyrir að fólk notaði strætisvagna. Kostnaðurinn við að láta undan (órökréttum) ótta væri einfaldlega of mikill svo að þeir sem hugsa rökrétt myndu einfaldlega, og það með réttu, álykta sem svo að hættan á að verða fórnarlamb hryðjuverka væri mjög lítil – jafnvel í Ísrael.

Þetta gæti hjálpað okkur að skilja af hverju aukin landfræðipólitísk spenna á undanförnum árum hefur haft tiltölulega lítil áhrif á fjármálamarkaði heimsins. Það er kostnaðarsamt að viðhalda órökréttum ótta við landfræðipólitískar hættur. Jú, aukin landfræðipólitísk spenna getur vissulega haft neikvæð áhrif á hagkerfi víða um heim, en það er mjög lítil ástæða til að halda að annaðhvort stríðið í Sýrlandi eða bardagar í Úkraínu hafi einhver meiriháttar áhrif á hagkerfi heimsins. Það er ekki ætlunin að vera kaldhæðinn, og á því leikur enginn vafi að við höfum séð gífurlega miklar mannlegar þjáningar bæði í Úkraínu og Sýrlandi, en það ætti ekki að fá okkur til að láta undan órökréttum ótta. Það eru ekki hryðjuverk og landfræðipólitík sem eru líklegust til að leiða til heimskreppu, heldur hættan á mistökum seðlabanka heimsins.

# Ég gef kost á mér ...



Hin hliðin
Guðrún Högnadóttir
framkvæmdastjóri Franklin Covey

... til áframhaldandi setu í Hvíta húsinu. Í Lundunum. Hér í Garðabæ.

Ég býð mig fram til áframhaldandi góðrar hugsunar og skoðanagleði. Ég gef kost á mér til áframhaldandi einlægrar trúar á því að mér – og þér – er falið að gæta einhverrar stórkostlegustu auðlindar heims. Náttúru, þekkingar, tærleika og fegurðar Íslands og Íslendinga. Og Jarðar. Ég er tilbúin að axla þá ábyrgð sem felst í uppeldi barna minna, rekstri fyrirtækisins míns, menntun nemenda minna, þátttöku minni í sjálfboðastarfi og uppbyggingu á frábæru samfélagi. Þannig ætla ég að vera til fyrirmyndar, eins og þú, og marka mína arfleið.

Og ég er tilbúin að gera aðra ábyrga fyrir þeirra loforðum. Með því að vera á tánum. Með því að gefa ekki afslátt af væntingum mínum til kjörinna fulltrúa. Með því að halda seljendum við sín loforð um þjónustu og vöru á sanngjörnu verði og í miklum gæðum. Með því að uppræta spillingu – jafnvel þótt hún eigi sér stað hjá nágrönnum og vinum. Með því

> Erum við öll forsetar? Já, í raun. Með öllum okkar orðum og athöfnum erum við forgöngumenn. Við höfum margfalt meiri áhrif en afar okkar og ömmur. Hugsanir okkar ná miklu lengra um samfélagsmiðla á þekkingaröld heldur en í pappírsræðum forfeðra okkar.

að kalla á stöðugar umbætur á þeim stjórnlagaramma sem leggur grunninn að góðu samfélagi. Með því að gefa af mér en ekki hrifsa til mín. Með því að kjósa, styðja, hlusta, lesa og læra.

Erum við öll forsetar? Já, í raun. Með öllum okkar orðum og athöfnum erum við forgöngumenn. Við höfum margfalt meiri áhrif en afar okkar og ömmur. Hugsanir okkar ná miklu lengra um samfélagsmiðla á þekkingaröld heldur en í pappírsræðum forfeðra okkar. En þeim völdum fylgir ábyrgð. Ábyrgð sem við þurfum að virða og rækta á hverju augnabliki.

Hverjir eru mestu áhrifamenn þessa lands. Peningamenn? Alþingismenn? Eða eru það kennarar landsins sem snerta hvert einasta mannsbarn með visku sinni og sýn. Eru það heilbrigðisstarfsmenn sem minna okkur á hvað það er sem skiptir í raun og veru mestu máli? Eru það foreldrar þessa lands sem leiðbeina æsku okkar um þau gildi sem byggja í raun og veru öflugt samfélag?

Er það ekki þú og ég?

Þjóðarleiðtogi er mikilvæg táknmynd. Með takmörkuð völd. Ætlun mín er ekki að gengisfella embættið. Ætlun mín er að minna þig á að þú og ég – án titils – erum miklu áhrifameiri í dag heldur en nokkur fulltrúi í táknrænu hvítu húsi.

Enginn er sjálfkjörinn til slíkrar ábyrgðar. Vöndum okkur. Þú færð mitt atkvæði.


SJÓNVARP
FM957.IS
FM957APPIÐ
ÚTVARP
FM957
#FM957
FM957
FERMINGARLEIKUR
FM957
GJAFIR AÐ VERÐMÆTI
1.000.000,-
SKRÁNING Á FM957.IS
PS4
HOVER
24 ICELAND
RÚMFATA LAGERINN
GAP
JACK & JONES
Kringlan
NITRO

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 2.mars 2016


**Íslenska úrvalsvísitalan**
1.895,27 57,87
(3,14%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

### Byrgjum brunninn

**Spár gera** nú ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi um 37% frá síðasta ári og fram á þetta. Það eru auðvitað gleðitíðindi fyrir land og þjóð og gangi spáin eftir koma ríflega 1,7 milljónir ferðamanna til landsins á árinu. Fjöldi ferðamanna mun þá hafa næstum sexfaldast frá aldamótum.

**Þetta er** auðvitað mögnuð þróun, og nokkuð sem ber að fagna. Hér hefur sprottið upp fjöldinn allur af fyrirtækjum sem gera út á ferðamennsku; hvalaskoðun, fjallaskíði, hjólatúra, leiðsögn um íverustaði álfa og huldufólks og guð má vita hvað. Annar hver maður auglýsir svo íbúð sína til leigu á Airbnb.

**Ekki má** heldur gleyma að hér starfa líka tvö flugfélög sem virðast bæði gera það gott. Nokkuð sem hefði þótt tíðindum sæta fyrir örfáum árum.

**Fjölgun ferðamanna** má vafalaust þakka mörgum – bæði opinberum og einkaaðilum sem tekist hefur vel að markaðssetja Ísland sem ferðamannaland. Fyrst og fremst er þetta þó landinu sjálfu að þakka. Ísland er öðruvísi staður með magnaða náttúru sem áhugavert er að sækja heim.

**Ekki eru** þó öll teiknin góð. Flugstöðin í Leifsstöð virðist sprungin í enn eitt skiptið og tíðindi berast trekk í trekk af skipulagsslysum á helstu ferðamannastöðum landsins. Þegar slíkt fer á versta máta getur fólk hlotið verra af.

**Ekki er seinna** vænna en að fara að líta heildstætt á ferðamannamál í landinu. Þar er mikilvægasta spurningin sú hvernig fjármagna eigi nauðsynlegar endurbætur á innviðum. Einhver sagði að eðlilegast væri að notendur standi undir slíku.

**Sjálfsagt og** eðlilegt er að aðgangsgjald sé greitt að ferðamannastöðum. Einnig þarf að finna leið til að láta þá sem ósjálfbjarga verða standa undir kostnaði við björgunaraðgerðir (oftast með því að seilast í ferðatryggingar viðkomandi). Hvort tveggja væri í takti við það sem annars staðar tíðkast.

**Hið opinbera** þarf að hugsa fyrir því hvernig best er að vinna úr þessum málum. Áður en það verður um seinan.

## 190,7

**MILLJARÐA JÁKVÆÐUR ÞJÓNUSTUJÖFNUÐUR**

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar fyrir árið 2015 var útflutningur á þjónustu 562,5 milljarðar en innflutningur á þjónustu 371,8 milljarðar. Þjónustujöfnuður við útlönd var því jákvæður um 190,7 milljarða en var jákvæður um 134,6 milljarða á árinu 2014 á gengi hvors árs.

Ferðaþjónusta skilaði 77 milljarða afgangi.

## 48 %

**MEIRI HLUTABRÉFAVELTA**

Heildarviðskipti með hlutabréf í febrúarmánuði í Kauphöll Íslands námu 53.475 milljónum eða 2.546 milljónum á dag. Það er 12 prósenta lækkun frá fyrri mánuði, en 48 prósenta hækkun á milli ára.

Mest voru viðskipti með bréf Icelandair Group, 18.522 milljónir, Marel 7.456 milljónir, og N1, 4.367 milljónir.

**25.02.2016**



**Ég skil ekki og ég hef sagt það við Kristján af hverju heimilislæknar eða rekstraraðilar þessarar heilbrigðisþjónustu þurfi að vinna við einhver önnur skilyrði en önnur heilbrigðisfyrirtæki. Eins og þetta hefur verið praktíserað á Norðurlöndunum, þá eru engar hömlur á þessu fremur en öðru.**

Þórarinn Ingólfsson, formaður Félags heimilislækna.










## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

SUPLEX GERMANY



Hágæða gormar í fólksbíla og jeppa.
Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Skattframtal. Tek að mér framtalsgerð fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Ódýr og góð þjónusta. S. 777 5729

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllin farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s.6996980

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN
· FYRIRTÆKI
· FJÖLBÝLISHÚS
· SKIP
· VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HÚSASMÍÐAMEISTARI**
getur bætt við sig verkefnum.

Uppl. í s. 897 4720
eða bragi@boga.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMI 908 6116**
Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Til sölu



mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Menn vanir mótauppslætti og annari útivinnu við byggingar óskast í Keflavík. Uppl. í s. 840 6100 Páll.

Starfsmann vantar í 50% starf í afgreiðslu og móttöku á fatnaði í fatahreinsun í Reykjavík. Vinnutími 14-18, alla virka daga. Umsóknir og nánari upplýsingar á vinnaibodi@gmail.com

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið strax störf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Parkinsonsamtökin á Íslandi

# AÐALFUNDUR

**Parkinsonsamtökin á Íslandi halda aðalfund fimmtudaginn 17. mars kl. 17.30 í Hátúni 10**

Venjuleg aðalfundarstörf
Kór Parkinsonsamtakanna syngur
Léttar veitingar

Dagskrá og tillögu til lagabreytinga má finna á heimasíðunni **www.parkinson.is**

**Stjórnin**

ÁSBYRGI ehf
Sími 568 2444
Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík
Ingileifur Einarsson - Löggiltur fasteignasali.

## Skúlagata 10 - OPIÐ HÚS




**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAGINN 2. MARS MILLI KL. 17:30-18.00.**
Vorum að fá í einkasölu mjög fallega, bjarta og vel staðsetta 4ra. herbergja íbúð 118,7 fm. á 2. hæð með útsýni í norður yfir sundin. Stórar stofur. Suður svalir. Íbúðinni fylgir sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu. Mjög góð sameign bæði úti og inni. Falleg lóð með hitalögn í gangstígum. **Verð 57 millj.**

## AUGLÝSING

**Um samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga á breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut.**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 24. febrúar 2016 breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 21. desember 2015 til og með 1. febrúar 2016. Athugasemdir bárust við tillöguna og hefur þeim sem gerðu athugasemdir verið send umsögn sveitarstjórnar. Sú breyting var gerð frá auglýstri tillögu að: Bætt við húsgerð D að auk hæstu hæðar 27 m eru 2,5 m vegna létts búnaðar s.s. handriðs og öryggisloka. Bætt við húsgerð E fyrir dreifistöðvar. Bætt við lóð 6a undir dreifistöð. Lóðamörk fyrir áætlað íbúðasvæði suðvestan við skipulagssvæðið sýnt á uppdrættinum. Ákvæðum 6. gr reglugerðar nr. 724/2008 bætt í umhverfismatið. Ákvæði um samráð við Isavia fellt út þar sem Isavia telur ekki þörf á því. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

*Vogum, 1. mars 2016.*
*F.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



Ástkær sonur okkar og bróðir,

**Tómas Ívarsson**

lést þann 29. janúar síðastliðinn.
Útför hefur farið fram.

**Ívar S. Guðmundsson, Lovísa Tómasdóttir**
**Karítas Ívarsdóttir, Aldís Ívarsdóttir,**
**Guðmundur B. Ívarsson**
**Líney B. Ívarsdóttir og Dagný Ívarsdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Steinþóra Guðlaugsdóttir**

andaðist á Landspítalanum við
Hringbraut þriðjudaginn 9. febrúar.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
föstudaginn 4. mars kl. 13.00.

**Sigurður Jóhannsson** — **Gerður Sveinsdóttir**
**Elínborg Jóhannsdóttir** — **Oddur H. Oddsson**
**Jóhann Þ. Jóhannsson** — **Ragnheiður Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sævar Örn Guðmundsson**

Hörðukór 1,

lést á líknardeild Landspítalans
í Kópavogi, laugardaginn 27. febrúar.
Útförin fer fram frá Lindakirkju,
föstudaginn 4. mars kl. 13.00.

**Hildur Gunnarsdóttir**
**Hlíf Sævarsdóttir** — **Ægir Ólafsson**
**Atli Örn Sævarsson** — **Olga Kristrún Ingólfsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Tómas Sigurðsson**

Viðarási 23,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar
sunnudaginn 28. febrúar sl.
á Borgarspítalanum. Útför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ingvi Tómasson** — **Rut Kjartansdóttir**
**Trausti Tómasson** — **Hrafnhildur Hrafnsdóttir**
**Judit Traustadóttir** — **Hjálmar Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Hjartans þakkir sendum við öllum
þeim sem sýndu okkur samúð og
hlýhug vegna andláts og útfarar

**Guðrúnar Maríu Bjarnadóttur**

Árskógum 6, Reykjavík.

**Hörður Guðmundsson**
**Vigdís Harðardóttir** — **Gestur Gíslason**
**Helga Harðardóttir** — **Lárus Þór Svanlaugsson**
**Guðmundur Bjarni Harðarson** — **Rut Hreinsdóttir**
**Elísabet Guðrún, Sigrún Emma, Steinunn, Haukur,**
**Hörður Þór, Linda, Guðrún María, Eydís Freyja og Björn Elí**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST: 2. MARS 1969

## Concorde-farþegaþotan fer í fyrsta skipti í loftið

Þennan dag árið 1969 var Concorde-farþegaþotunni flogið í alfyrsta sinn. Var smíði hennar samstarfsverkefni Breta og Frakka og var hún sú hraðfleygasta sem gerð hefur verið enda nær hún nálægt tvöföldum hljóðhraða.

Gekk jómfrúarflugið þennan dag eins og í lygasögu en vélin flaug frá Toulouse í Frakklandi og var í loftinu í alls 27 mínútur áður en Andre Turcat, flugmaður vélarinnar, ákvað að enda ferðina. „Fuglinn stóri er loks kominn í loftið og ber sig nokkuð vel,“ var haft eftir Turcat að lokinni jómfrúarferðinni. Í umræddri ferð fór vélin í um tíu þúsund feta hæð, en flaug á 480 kílómetra hraða á klukkustund. Síðar átti hún eftir að fljúga á yfir tvö þúsund kílómetra hraða.

Í október sama ár rauf Concorde-þotan svo hljóðmúrinn í fyrsta sinn. Hafist var handa við að ferja farþega með Concorde þann 21. janúar 1976. Olíuverð var þó það hátt og sú staðreynd að vélin hafði tiltölulega litla tanka, gerðu henni ókleift að keppast við að fljúga yfir Kyrrahafið.

Auk þess beið ímynd Concorde hnekki er ein slík þota brotlenti nærri París þann 25. júlí árið 2000 með þeim afleiðingum að 113 manns týndu lífi. Úr varð að um tveimur milljónum króna var eytt í öryggisuppbyggingu vélanna, og þær aftur teknar í gagnið 2001.

Árið 2004 tilkynntu British Airways og Air France að félögin hygðust ekki nota þoturnar, en á þeim tíma vildu færri fljúga með þotunum en áður. Auk þess þótti viðhaldskostnaður of mikill. Síðasta farþegaflug Concorde var farið 23. október 2004.





Móðir okkar, tengdamóðir,
amma, og langamma,

**Ásta Einarsdóttir**

Hlíðarvegi 18, Ólafsfirði,

lést föstudaginn 19. febrúar. Útförin fer
fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn
5. mars kl. 14.00.

**Magnús Guðnason**
**Klara Sv. Guðnadóttir**
**Birgir Guðnason** — **Borghildur Björk Sverrisdóttir**
**Eygló Guðnadóttir** — **Kristinn Gunnarsson**
**Ingi A. Guðnason** — **Sonja Sól Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sophus J. Nielsen**

kaupmaður,
Grenibyggð 36, Mosfellsbæ,

lést á heimili sínu mánudaginn
29. febrúar 2016.

**Guðrún Margrét Friðriksdóttir Nielsen**
**Hildur Nielsen** — **René Vervoort**
**Hjörtur Nielsen** — **Ástríður S. Jónsdóttir**
**Anna Nielsen**
**Hildur Margrét, Hjörtur, Rúnar, Ólöf Helga, Guðrún,**
**Aldís, Tómas, Edda Rún og langafabörn.**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Eðvarð Sigurjónsson**

fv. stöðvarstjóri hjá Pósti og síma,

lést á Landspítalanum, Fossvogi,
sunnudaginn 28. febrúar sl.
Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju,
Hafnarfirði, mánudaginn 7. mars kl. 13.00.

**Ragnar Eðvarðsson**
**Sigurjón Eðvarðsson**
**Ólöf Eðvarðsdóttir** — **Sigurður Svansson**
**Rannver Eðvarðsson** — **Gunnhildur Gunnarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir, afi og sonur,

**Sigurður Jóhannsson**

Heiðarbraut 7, Sandgerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
föstudaginn 26. febrúar.
Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu
í Sandgerði, mánudaginn 7. mars kl. 14.00.

**Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Sigurður Bjarni Sigurðsson** — **Elfa Björk Erlingsdóttir**
**Ágúst Már Sigurðsson**
**Hjörtur Magni Sigurðsson** — **Katla Vilmundardóttir**
**barnabörn og Jóhann Guðbrandsson**



Þökkum innilega auðsýnda samúð og
vináttu við fráfall og útför

**Gísla Ellerts Sigurhanssonar**

rennismiðs og kennara,
Hvassaleiti 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til
hjúkrunarþjónustunnar Karítas og
líknardeildar Landspítalans fyrir umönnun og umhyggju.

**Helga S. Ragnarsdóttir, börn og tengdabörn hins látna.**



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Þorbjörn Einarsson**

málarameistari,
Mánatúni 4, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi miðvikudaginn 24. febrúar.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 4. mars
kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar
Landspítalans í Kópavogi og deildar B7 á Borgarspítala.

**Guðmundur Jónsson** — **Lilja Guðrún Halldórsdóttir**
**Guðbjörg Jónsdóttir**
**Sigríður Kristín Jónsdóttir** — **Oddur Hallgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Freydís Th. Laxdal**

ljósmóðir,
Akureyri,

sem lést sunnudaginn 21. febrúar, verður
jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn
4. mars kl. 10.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á
Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Hrafnhildur L. Ævarsdóttir** — **Stefán S. Ólafsson**
**Harpa Ævarsdóttir**
**Haraldur B. Ævarsson** — **Elín S. Ingvarsdóttir**
**Andri Fannar, Alma, Atli Snær, Ævarr Freyr, Jóhanna**
**Margrét, Freydís Ósk, Kristján Valur og Embla Sif**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ásdís Kristjánsdóttir**

**(Haddý),**

lést í faðmi fjölskyldunnar
24. febrúar sl. Útför hennar
verður gerð frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 3. mars nk. kl. 15.

„Farin til Hauks“

**Ólafur Haukur Ólafsson** — **Sigurbjörg H. Gröndal**
**Kristján Már Ólafsson**
**Ásdís Katrín Ólafsdóttir** — **Pál O. Borgen**
**Sigríður Edda Ólafsdóttir** — **Magnús Jón Sigurðsson**
**barnabörn og fjölskyldur.**




# Göngum í lið með Landspítalanum

Blái naglinn stendur fyrir landssöfnun með sölu á bláum penna til stuðnings tækjakaupum og krabbameinsrannsóknum á Landspítalanum. Þitt framlag er mikilvægur stuðningur við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítalans.

Markmiðið með átakinu er m.a. að búa til skimunarpróf sem greinir mismunandi krabbamein í líkamsvökva og að hægt verði að bregðast fyrr við með frekari rannsóknum og í framhaldinu viðeigandi meðferð.

Ætlunin er að stofna sérstakan sjóð í samstarfi við Rannsóknastofu í krabbameinsfræðum á Landspítalanum.

**Tökum vel á móti sölufólki Bláa naglans dagana 3. til 6. mars.**

Blái naglinn er átak sem snýst um vitundarvakningu um krabbamein á Íslandi.

BLÁ NAGLINN

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Minnkandi norðlæg átt í dag, en allhvass suðaustan til fyrri partinn. Norðlæg átt, víða 3-8, síðdegis. Dálítil él fyrir norðan og einnig suðaustanlands í kvöld, en annars þurrt og sums staðar léttskýjað sunnan- og vestanlands. Frost 2 til 13 stig, kaldast í innsveitum fyrir norðan.

### Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -1° | ← 9 |
| Ísafjörður | -3° | ↗ 3 |
| Akureyri | -7° | ↗ 2 |
| Egilsstaðir | -9° | ↘ 2 |
| Kirkjubæjarkl. | -4° | ↙ 7 |
| Hveravellir | -7° | → 3 |

### Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 2° | → 10 |
| Ísafjörður | -2° | → 8 |
| Akureyri | -1° | → 5 |
| Egilsstaðir | -2° | ↗ 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | ↘ 5 |
| Hveravellir | -3° | ↗ 5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hreinsiefni
6. í röð
8. lærir
9. fugl
11. í röð
12. miklu
14. þrætur
16. tímaeining
17. bar
18. kvk. nafn
20. pfn.
21. lima sundur

**LÓÐRÉTT**
1. samtals
3. málmur
4. ávaxtatré
5. suss
7. andstaða
10. svörður
13. rönd
15. rótartauga
16. fiskur
19. til



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sápu, 6. lm, 8. les, 9. lóm, 11. rs, 12. stóru, 14. þrátt, 16. ár, 17. krá, 18. lóa, 20. ég, 21. liða.
**LÓÐRÉTT:** 1. alls, 3. ál, 4. perutré, 5. uss, 7. mótþrói, 10. mór, 13. rák, 15. tága, 16. áll, 19. að.

### Skák Gunnar Björnsson

West átti leik gegn Hacche í Ástralíu árið 1989.

**Hvítur á leik**

**1. Dxh6+! gxh6 2. Hxh6+ Kg7 3. Rh5#.**

Íslandsmót skákfélaga hefst á morgun í Rimaskóla.

**www.skak.is** Barna Blitz undanrásir í dag.






## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 5 | 3 | 8 | | 4 | | |
| 4 | | | | | | 7 | | |
| | | 7 | 9 | | | | 6 | |
| | | 8 | 7 | | 5 | 1 | | |
| 7 | | | 6 | | 1 | | | |
| 3 | 5 | | | 4 | 8 | | | 7 |
| | | 9 | | | 3 | | | 8 |
| | | | 5 | | | 3 | 1 | |
| | 4 | 3 | | 1 | | 9 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 8 | 7 | | | | |
| | | 2 | | 9 | | | 1 | 3 |
| | 7 | | 1 | | 5 | 8 | | |
| 7 | | 5 | | | | 4 | | 2 |
| | | | | | 1 | 5 | | 9 |
| | 2 | 4 | | | 7 | | | |
| 8 | | 7 | 4 | | | | 2 | |
| 1 | | | 5 | 3 | | | 8 | |
| | 5 | | | | 8 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 1 | |
| 8 | | | | | 9 | | | 5 |
| | | | 8 | | | 4 | 7 | |
| | | 5 | 2 | | | | | |
| 3 | | | | 4 | | 2 | | 1 |
| 4 | | 9 | | | | 6 | 8 | |
| | | | 7 | 9 | 5 | | | |
| | | | 1 | | 3 | | | |
| 9 | 7 | | | | 8 | | | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 |
| 4 | 3 | 2 | 5 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 9 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 |
| 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 1 | 4 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 | 9 | 4 |
| 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 8 |
| 6 | 9 | 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 9 | 2 | 7 | 6 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# FERSKAR HUGMYNDIR FYRIR VEISLUR OG FUNDI

## GAMLI GÓÐI



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat.

Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.

Rækjusalat.

**3.680 kr.**

## EÐALBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauksósa, salatmix.

Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.

Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

**3.680 kr.**

## LÚXUSBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.

Kjúklingur, egg, lauksósa.

Reyktur lax, íssalat.

**3.680 kr.**

## PÍTUBAKKI



24 bitar
fyrir 5 manns

Tikka masala kjúklingur og íssalat.

Reykt skinka.

Eggja- og íssalat.

**3.680 kr.**

## PARTÝBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.

Fetaostur, rauðlaukur, spínat.

Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**4.100 kr.**

## VEISLUBAKKI



30 bitar
fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, íssalat.

Tikka masala kjúklingur, íssalat.

Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**4.100 kr.**

## ÁVAXTABAKKI



40 - 60 bitar
fyrir 5 - 8 manns

Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**2.800 kr.**

## DESERTBAKKI



50 bitar
fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.

Kókostoppar með súkkulaði.

**2.270 kr.**

## KÖKUBAKKI



24 bitar
fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.

Gulrótarkaka með rjómaostakremi.

Eplakaka með kanilkeim.

**3.300 kr.**

Viltu bjóða í margrétta óvissuferð á næsta fundi eða hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum.

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.**

SÓMI

Ferskt á hverjum degi


ANNA


STEFÁN ÞÓR


ALAN


EVA MARGRÉT


SIGGA EY


JAKUB ALEKSANDER


JÓHANNA RUTH


ELLERT KÁRASON


JÓN VÍÐIS


MARÍA


KYRRÐ


BALDUR DÝRFJÖRÐ


YANN ANTONIO


GUÐMUNDUR REYNIR


BEATA OG HRAFNHILDUR


DORTHEA


SÍMON OG HALLA


LORY


SPINKICK


GYLFI ÖRVARSSON


THELMA GUÐMUNDSEN


SINDRI FREYR

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á BEINAR ÚTSENDINGAR **Á MIDI.IS**

Fylgstu með baksviðs á
**Ísland Got Talent**
**á Snapchat**




HVER VINNUR **10 MILLJÓNIR?** NÚ **VELUR ÞÚ**

Nú hafa dómararnir valið þau 22 atriði sem þeim þykir hafa skarað fram úr í Ísland Got Talent. Í næsta þætti getur þú haft áhrif á gang mála með því að taka þátt í símakosningunni og valið þitt uppáhaldsatriði. Ekki missa af Ísland Got Talent, næsta sunnudag, í beinni útsendingu á Stöð 2.

**Það er komið að þér, kjóstu þitt uppáhalds atriði í beinni útsendingu kl. 19.10 á sunnudagskvöld á Stöð 2.**

365.is | Sími 1817

365











# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

## 2. MARS 2016

### Tónlist

**Hvað?** Bítladrengirnir blíðu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Café Rosenberg í kvöld. Sérstakur gestur verður Bjartmar Guðlaugsson, en hann mun flytja efni af nýjum hljómdiski sem kemur út í vor.
Aðgangseyrir 2.000 krónur. Allir velkomnir.

**Hvað?** Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Mikið verður um dýrðir í Bæjarbíói í kvöld er Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar stíga á svið. Sveitin hlaut á dögunum þrjár tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna, fyrir lag ársins í rokkflokki, textahöfund ársins og sem flytjendur ársins. Miðaverð 3.000 krónur.

**Hvað?** Launch-partí Reykjavíkurdætra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti 7
Rappsveitin Reykjavíkurdætur heldur launch-partí í kvöld, en þá ýta þær úr vör söfnun á Karolina Fund auk þess sem opnuð verður heimasíða hópsins. Allir velkomnir.

**Hvað?** Grúska Babúska, Caterpillarmen og Quest
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Hljómsveitin Grúska Babúska er að fara til Bretlands í tónleikaferðalag og heldur upphitunargigg á Húrra í kvöld. Auk bandsins koma fram sveitirnar Caterpillarmen og Quest.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Stafrænar ferilmöppur í meistaranámi
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Stakkahlíð, K-204.
Í dag verður boðið upp á hádegisfyrirlestur þar sem Dr. Debra Hoven, fræðimaður við Athabasca-háskólann í Kanada, segir frá reynslunni af því að nota stafrænar ferilmöppur með meistaranemum við skólann. Hún gefur jafnframt ábendingar um hvernig megi nýta möppurnar. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og allir velkomnir.

**Hvað?** Afkomendur frumbyggja Ameríku og menningararfur þeirra
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskólatorg, stofa 104
Linda Gray, prófessor í Global Studies, History and Culture við Union Institute & University í Vermont í Bandaríkjunum, heldur fyrirlestur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í dag. Fjallar fyrirlesturinn um baráttu afkomenda frumbyggja Ameríku við að viðhalda menningararfi sínum. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, prófessor í enskum bókmenntum, kynnir fyrirlesarann, og fer fyrirlesturinn fram á ensku. Allir velkomnir.


Háskóli Íslands stendur fyrir þremur fyrirlestrum í dag.


Reykjavíkurdætur rúlla af stað með söfnun í Karolina Fund við heljarinnar húllumhæ á Lofti í kvöld.

**Hvað?** Druslustimplun
**Hvenær?** 16.20
**Hvar?** Stakkahlíð, K-206
Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, kennari við Hraunvallaskóla, flytur fyrirlestur undir yfirskriftinni: Druslustimplun. Fyrirlesturinn er byggður á viðtölum við stúlkur, sem lent hafa í umræddri stimplun, og rýnihópaviðtölum við nemendur á framhaldsskólastigi. Markmiðið er að varpa ljósi á ákveðna tvöfeldni sem stúlkur búa við í nútíma samfélagi. Allir hjartanlega velkomnir.

### Önnur afþreying

**Hvað?** Leður og roð í mörgum myndum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gerðubergi


Jónas Sigurðsson og Ritvélar framtíðarinnar verða í Bæjarbíói í kvöld.




# Grúska babúska sankar að sér babúskum fyrir bresku útrásina

Okkur langaði að spila á stöðum þar sem væri mikil vaxandi tónlistarsena og einnig leggja áherslu á að finna upphitunaratriði frá þeim stað. Enda mikilvægt og gaman að efla tengslanet og kynnast tónlistarsenunni frá hverjum stað enn betur. Það er sko nóg af sjarmerandi bæjum í Bretlandi þar sem listalífið ólgar og tekið er vel á móti manni og mikil spenna fyrir tónleikunum okkar,“ segja Babúskurnar í sveitinni Grúska babúska sem hyggjast leggja land undir fót og bregða sér til Bretlands, þar sem þær prófa sig áfram með tónleika dagana 16. til 22. mars næstkomandi. Treður bandið upp í Bristol, Cardiff og Glastonbury og segja þær mikið púður hafa farið í að velja réttu staðina. Bandið skipa þær Harpa Fönn Sigurjónsdóttir hljómborðsleikari, Arndís Anna Kristínar- og Gunnarsdóttir flautuleikari, Dísa Hreiðarsdóttir trommuleikari, Guðrún Birna La Sage de Fontenay gítarleikari og Björk Viggósdóttir, synþaleikari.

„Þetta var rosalega skemmtileg vinna og fróðlegt að sjá hvað þetta er mikil vinna sem liggur að baki. Það er mjög skiljanlegt að hljómsveitir ráði sér bókara fyrir tónleikaferðalögin, enda erfitt að bóka svona ferð úr öðru landi og án alls tengslanets. Það er svo ótrúlega margt sem þarf að huga að. Svo sem finna upphitunarband, hanna postera, bóka rútuferðir og gistingu, semja við staðinn um backline og sölu aðgöngumiða, og svo margt margt fleira,“ segir Harpa.

**ÞETTA VAR ROSALEGA SKEMMTILEG VINNA OG FRÓÐLEGT AÐ SJÁ HVAÐ ÞETTA ER MIKIL VINNA SEM LIGGUR AÐ BAKI.**

Eins og skipulagningin og annað havarí í kringum túrinn, hefur sveitin nú lagt nótt við dag í að verða sér úti um gefins babúskur sem þær munu svo selja á tónleikunum í Bretlandi. „ Við seljum alltaf babúskur á tónleikunum okkar. Inni í hverri babúsku er svo niðurhalskóði inn á nýju plötuna okkar. Þetta er vinsæll varningur og gott að geta haft kannski einhverja örlitla tekjuleið til að hafa kannski efni á leigubíl heim af gigginu,“ segir hún að lokum. – ga



Grúska babúska mun blása til tónleika á Húrra í kvöld ásamt böndunum Caterpillarmen og Quest. MYND/AÐSEND



Arndís Jóhannsdóttir söðlasmiður kynnir gestum það sem hún hefur verið að fást við á hönnunarferli sínum og sýnir myndir. Einnig mun hún koma með nokkur sýnishorn af því sem hún hefur gert og svara spurningum gesta um efni og aðferðir við vinnslu á fiskroði og leðri. Aðgangur ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Leshringurinn Konu- og karlabækur
**Hvenær?** 16.15
**Hvar?** Borgarbókasafnið/Menningarhús Árbæ
Leshringurinn hittist fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði. Bækur mánaðarins eru Leiðin út í heim eftir Hermann Stefánsson og ljóðabók eftir Einar Ólafsson, stendur valið á milli Mánasilfurs, Litlu stúlkunnar og brúðuleikhússins eða Augna við gangstétt. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



**Hvað?** Battle of Continents
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Battle of Continents er haldið á Reykjavik Bar Summit þar sem 40 barþjónar frá vinsælustu börum í Evrópu og Ameríku koma til landsins og keppa sín á milli. Er barþjónunum skipt í tvö lið og fær hvort lið stuttan tíma til að búa til fimm drykkja kokteilaseðil. Aðgangseyrir 1.900 krónur.


# Léttara líf í Heilsuborg

Vilt þú vinna með þyngdarstjórnun og ná árangri sem endist?
Komdu og taktu fyrsta skrefið í átt að betri heilsu.



Þú ert í góðum höndum hjá okkur því allir þjálfarar og sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi.

Heilsulausnir - léttara líf
**Kynningarfundur**
Fimmtudaginn 3. mars
kl. 18:00 í Faxafeni 14
**Allir velkomnir**

**TAKTU SKREFIÐ!**

Heilsulausnir – léttara líf hefst 14. mars

Unnið er með hreyfingu, næringu, skipulag daglegs lífs og hugarfar í nýrri útgáfu af þessu vinsæla námskeiði.
Að námskeiðinu standa íþróttafræðingar, hjúkrunarfræðingar, læknir, ástríðukokkur, næringarfræðingar, sjúkraþjálfarar og sálfræðingar.
Þjálfun í hóp með íþróttafræðingi þrisvar í viku kl. 7.20, 10.00 eða 16.30.
Aðgangur að líkamsræktinni og opnum tímum sem auka fjölbreytni í þjálfun.
Fræðsludagskrá samkvæmt stundaskrá og stuðningur í lokuðum hópi á facebook.
Sýnikennsla í matreiðslu, smakk, fjölbreyttar uppskriftir og matseðlar.

**Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg. is**

HEILSUBORG
- Þín brú til betri heilsu

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Middle
08.30 Anger Management
08.50 Sullivan & Son
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Logi
11.20 Enlightened
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Neyðarlínan
13.40 Spilakvöld
14.25 Mayday. Disasters
15.15 Impractical Jokers
15.40 Sullivan & Son
16.05 Mindy Project
16.30 Baby Daddy
16.55 Welcome To the Family
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 The Simpsons
18.05 Nágrannar
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.20 Víkingalottó
19.25 Mom
19.45 The Middle
20.10 Heimsókn
20.30 Grey's Anatomy
21.15 Bones
22.00 Girls
22.30 Real Time with Bill Maher
23.30 NCIS
00.15 Mission: Impossible
02.05 The Blacklist
02.50 Better Call Saul
03.40 Europa Report
05.10 Fréttir og Ísland í dag
17.40 The Simpsons Bráðfyndin teiknimyndasería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.
20.10 Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.
20.25 Grey's Anatomy
21.10Bones
22.00 Girls
22.30 Real Time with Bill Maher
23.30 NCIS
00.10 Mission: Impossible
02.00 The Blacklist
02.45 Better Call Saul
03.30 Europa Report
05.00 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

07.00 Premier League
09.45 Premier League
11.30 Premier League
13.10 Premier League
14.50 Spænski boltinn
16.30 Körfuboltakvöld
18.10 Premier League
19.50 Premier League
22.00 Premier League
23.40 Premier League
01.20 Domino's-deild kvenna

## SPORT 2

19:50 Premier League

## GOLFSTÖÐIN

09.00 The Honda Classic
14.00 Golfing World 2016
14.50 Commercialbank Qatar Masters
16.40 Inside The PGA Tour 2016
17.05 PGA Tour 2016 - Highlights
18.00 Golfing World 2016
18.50 The Honda Classic
23.50 Golfing World 2016

## STÖÐ 3

17.55 Fresh Off the Boat
18.20 Sullivan & Son
18.40 Top 20 Funniest
19.25 Last Man Standing
19.50 Baby Daddy
20.15 Mayday
21.00 The Listener
21.45 American Horror Story: Freak Show
22.40 Supergirl
23.25 Flash
00.05 Arrow
00.50 Last Man Standing
01.10 Baby Daddy
01.35 Mayday
02.20 The Listener
03.05 American Horror Story: Freak Show
03.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveins
07.49 Rasmus Klumpur og félagar
07.55 UKI
08.00 Lína Langsokkur
08.23 Kalli á þakinu
08.48 Hvellur keppnisbíll
09.00 Ofurhundurinn Krypto
09.25 Ljóti andarunginn og ég
09.47 Ævintýraferðin
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.45 Gulla og grænjaxlarnir
10.55 Tommi og Jenni
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveins
11.49 Rasmus Klumpur og félagar
11.55 UKI
12.00 Lína Langsokkur
12.23 Kalli á þakinu
12.48 Hvellur keppnisbíll
13.00 Ofurhundurinn Krypto
13.24 Ljóti andarunginn og ég
13.46 Ævintýraferðin
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.45 Gulla og grænjaxlarnir
14.55 Tommi og Jenni
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveins
15.49 Rasmus Klumpur og félagar
15.55 UKI
16.00 Lína Langsokkur
16.23 Kalli á þakinu
16.48 Hvellur keppnisbíll
17.00 Ofurhundurinn Krypto
17.24 Ljóti andarunginn og ég
17.46 Ævintýraferðin
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.45 Gulla og grænjaxlarnir
18.55 Tommi og Jenni
19.00 Hetjur Valhallar – Þór

## GULLSTÖÐIN

18.35 Raising Hope
19.00 Friends
19.20 Gegjjaðar græjur
19.40 Feðgar á ferð
20.05 Dulda Ísland
21.00 Chuck
21.45 Cold Case
22.35 Cold Feet 5
23.30 The Sopranos
00.25 Peaky Blinders
01.25 Gegjjaðar græjur
01.40 Feðgar á ferð
02.05 Dulda Ísland
02.55 Chuck
03.40 Cold Case
04.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

11.20 Miss Conception
13.05 When the Game Stands Tall
15.00 Hysteria
16.40 Miss Conception
18.25 When the Game Stands Tall
20.20 Hysteria
22.00 The Hunger Games
00.20 Ondine
02.05 The Rum Diary
04.05 The Hunger Games
20.20 Hysteria
22.00 The Hunger Games Spennandi framtíðarmynd með Jennifer Lawrence, Liam Hemsworth, Stanley Tucci og Elizabeth Banks í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á metsölubókum og fjallar um keppni sem er haldin árlega þar sem nokkrir einstaklingar eru valdir til að keppa í Hungurleikunum sem sjónvarpað er um allt land. Keppnin er að hluta til skemmtun en að nokkru leyti ætluð til þess að vekja, með grimmilegum hætti, ótta meðal íbúa landsins.

## RÚV

16.05 Gettu betur
17.10 Landinn
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Finnbogi og Felix
18.18 Sígildar teiknimyndi
18.25 Gló magnaða
18.50 Krakkafréttir
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.00 Ævar vísindamaður
20.30 Kiljan
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Orkupostulinn Jón
23.15 Hamingjudalur
00.15 Kastljós
00.40 Fréttir
00.55 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Top Chef
09.50 Minute to Win It
10.35 Pepsi MAX tónlist
13.10 King of Queens
13.35 Dr. Phil
14.15 Black-ish
14.40 Jane the Virgin
15.25 Survivor
16.10 The Muppets
16.35 The Biggest Loser - Ísland
17.45 Dr. Phil
18.25 The Tonight Show with Jimmy Fallon
19.05 The Late Late Show with James Corden
19.45 Fellum grímuna
20.15 America's Next Top Model
21.00 Code Black
21.45 Complications
22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Sleeper Cell
00.35 Billions
01.30 Billions
02.25 Zoo
03.10 Code Black
03.55 Complications
04.40 The Tonight Show with Jimmy Fallon
05.20 The Late Late Show with James Corden

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin




2 | 20:10
HEIMSÓKN
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekkvísi.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

2 | 20:30
GREY'S ANATOMY
Vinsælir dramaþættir sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



2 | 21:15
BONES
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



2 | 22:00
GIRLS
Frábær gamanþáttasería um hóp vinkvenna á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York en samskiptin við hitt kynið ganga ekki alltaf áfallalaust.




| 22:00
HUNGER GAMES
Spennandi framtíðarmynd með Jennifer Lawrence, Liam Hemsworth, Stanley Tucci og Elizabeth Banks í aðalhlutverkum.



3 | 20:15
MAYDAY
Vandaðir og afar áhrifamiklir heimildarþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprengjuhótanir um borð í flugvélum og aðrar hættur sem hafa komið upp í háloftunum.



Krakkastöðin | 19:00
HETJUR VALHALLAR – ÞÓR
Frábær teiknimynd í fullri lengd fyrir alla fjölskylduna sem segir af uppvexti þrumuguðsins Þórs. Leikstjóri er Óskar Jónasson



©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


THULE SWEDEN
Skíðabox
Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10
THULE
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is







**Það fer allavega ekki fram hjá íbúum Reyðarfjarðar þegar tökur eru í gangi í bænum. Mikill tæknibúnaður er notaður í tökunum.**

# Ánægður með örlæti íbúa á Reyðarfirði

**Trevor Hopkins** er einn af framleiðendum bresku þáttanna Fortitude sem teknir eru upp á Reyðarfirði. Hann fer fögrum orðum um Ísland og er ánægður með hvernig íbúarnir taka í tökurnar. Næsta tökulota hefst innan skamms.

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

Tökur á annarri syrpu af bresku spennuþáttunum Fortitude eru nú hálfnaðar en þættirnir eru að hluta teknir upp á Reyðarfirði. Tökuliðið yfirgaf þó landið fyrir skömmu eftir annasaman febrúarmánuð í tökum en undirbúningur er hafinn fyrir næsta tökutímabil sem hefst síðar í þessum mánuði.

Fréttablaðið sló á þráðinn til Trevors Hopkins, eins af framleiðendum Fortitude, en hann er alsæll með þær viðtökur sem hann og hans fólk hefur fengið hér á landi. „Ég elska Ísland, þetta land er mjög dramatískt. Allir þeir sem vinna með okkur eru frábærir og umhverfið er fullkomið fyrir þáttinn,“ segir Trevor.

Framleiðslufyrirtækin Tiger Aspect og Sky Atlantic sjá um framleiðslu þáttanna og íslenska framleiðslufyrirtækið Pegasus sér ásamt þeim um framleiðsluna á Íslandi og alla uppsetningu. Um 150 manna tökulið hefur unnið við tökurnar. „Samstarfið við Pegasus gengur mjög vel. Við erum hálfnuð við að skjóta aðra seríuna af Fortitude og gerum ráð fyrir að klára tökur í júní,“ segir Trevor sáttur við samstarfið.

### Fer í sýningu í haust

Trevor og hans gengi kemur aftur til Íslands á næstu vikum til að halda tökum áfram. Hann segir að nýja þáttaröðin fari í sýningu í haust. „Ég get ekki sagt hvenær nákvæmlega þættirnir fara í loftið en það verður einhvern tímann í haust.“

Eins og margir vita er Reyðarfjörður engin stórborg og hafa tökurnar auðvitað sett svip sinn á bæjarlífið. Trevor segir þó að íbúarnir hafi verið samvinnuþýðir. „Íbúarnir á Reyðarfirði eru ótrúlegir, þeir hafa verið mjög örlátir og virðast kunna vel við það sem er í gangi í bænum þeirra og við virðum það mikils,“ segir Trevor. Við tökurnar hafa bæjarbúar fundið fyrir ýmsum breytingum en til dæmis var götum í bænum lokað tímabundið á nokkrum stöðum og þá voru íbúar beðnir um að slökkva á þeim jólaseríum sem enn eru uppi. „Ef við þurfum til dæmis að loka götu við tökur, þá reynum við bara að beina umferðinni um aðra götu og þess háttar. Það hefur gengið vel, það er til dæmis talsvert þægilegra að skjóta þarna en í London, þar sem svona tökur geta verið mjög erfiðar,“ bætir Trevor við léttur í lundu.



Björn Hlynur Haraldsson sem leikur lögreglumanninn Eric Odegard. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Ekki tilbúinn að flytja á Reyðarfjörð

Hann er heillaður af landslaginu en gæti hann hugsað sér að búa á Reyðarfirði? „Ég veit það nú ekki alveg,“ segir Trevor og hlær. „Ég er samt mjög heillaður af landslaginu og þessu svæði og þá sérstaklega í ár. Veðrið hefur verið svo öfgakennt og ótrúlegt og hefur hentað enn betur fyrir þáttinn heldur en síðast þegar við vorum hérna,“ bætir Trevor við.

Fyrsta þáttaröðin af Fortitude var tekin upp fyrir tveimur árum á Reyðarfirði en þá rigndi mikið og þurfti að notast við gervisnjó. Í ár hefur snjóþunginn verið meiri og veðráttan hentað betur en Fortitude á að gerast í samnefndum heimskautabæ.

En af hverju varð Reyðarfjörður fyrir valinu sem tökustaður? „Við skoðuðum nokkra aðra staði, suma staði sem eru nær Reykjavík en landslagið fyrir austan hentaði og svo var okkur sagt að það snjóaði meira þar. Það kom svo á óvart, þegar við tókum upp fyrstu seríuna að það var ekki mikill snjór þarna og við þurftum að venjast því.“ Mikið var um snjó fyrir austan í tökunum sem var að ljúka og þurfti ekki að flytja inn gervisnjó, líkt og gert var fyrir tökur á fyrstu þáttaröðinni.

### Hrifinn af Birni Hlyni

Nokkrar stórstjörnur koma fram í þáttunum, þeirra á meðal er Hollywood-leikarinn Dennis Quaid, danska leikkonan Sofie Gråbøl, Michelle Fairley, sem er hvað þekktust fyrir leik sinn sem drottningin á Vetrarfelli í Game of Thrones og svo Björn Hlynur Haraldsson sem leikur lögreglumanninn Eric Odegard. „Hann er frábær og hann er að gera það mjög gott. Við kunnum mjög vel við hann og hans frammistöðu í þáttunum,“ segir Trevor spurður um Björn Hlyn.

Hann segir jafnframt að nýja þáttaröðin eigi eftir að koma á óvart. „Ég má ekki segja of mikið um seríuna en þessi gerist á allt öðrum tíma, þó svo að margar af sömu persónunum séu enn með. Ég held að margt muni koma fólki á óvart.“

Trevor vonast jafnframt til þess að þáttaröð númer þrjú verði einnig að veruleika. „Við vonumst allavega til þess.“


DOMINO'S PIZZA
OFF MENU
FOOD & FUN
Við erum komin í hátíðarskap og tökum þátt í Food and Fun af fullum krafti. Landsliðskokkurinn Viktor Örn Andrésson hefur slegist í lið með okkur og sett saman þrjár framandi og spennandi pizzur fyrir Food and Fun. Þær verður aðeins hægt að panta meðan á hátíðinni stendur. Taktu þátt í veislunni og prófaðu OFF MENU-pizzurnar!
VIKTOR ÖRN ANDRÉSSON, Matreiðslumeistari Íslands 2013, Matreiðslumaður Norðurlanda 2013 og landsliðskokkur setti saman Food and Fun pizzur Domino's í ár.
DUCKINO'S
BBQ-sósa, anda-confit með asískum BBQ-gljáa, jalapeno, ostrusveppir, rauð paprika og beikonkurl. Toppuð með wasabi-baunum, kóríander, vorlauk og japönsku majónesi.
CARNIVAL
Pizzusósa, ostur, beikonsneiðar, svartar ólífur, pepperoni, balsamik-sveppir, ferskur mozzarella, rjómaostur, hvítlaukur og svartur pipar. Toppuð með klettasalati og pestói.
SURF & GINGER
Pizzusósa, ostur, sveppir, ferskur mozzarella og kryddlegnar tígrisrækjur í hvítlauk, chili og engifer. Toppuð með engifersósu og klettasalati.
Food & Fun
2.–6. mars 2016
ICELANDIC LAMB
SÍMI 58 12345 | DOMINO'S APP | WWW.DOMINOS.IS
PIPAR\TBWA · SÍA








Haukur Heiðar, nýútskrifaður heimilislæknir, hvetur unga lækna til að horfa til sérnáms í heimilislækningum FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Við erum alltaf á vakt, **sama hvar** við erum staddir

**Haukur Heiðar Hauksson**, heimilislæknir og söngvari í hljómsveitinni Diktu, stendur á tímamótum. Hann lauk sinni seinustu vakt í vikunni sem sérnámslæknir í heimilislækningum. Fram undan eru nýir tímar á heilsugæslunni ásamt ferðalögum með Diktu.

Ég hef einu sinni lent í því þegar ég var að fara upp á svið á 17. júní að kallað var eftir lækni þar sem lítill strákur slasaðist í hoppukastala, ég þurfti að líta á hann áður en ég fór upp á svið. Við erum alltaf á vakt alveg sama hvar við erum staddir," segir Haukur Heiðar Hauksson, læknir og söngvari í hljómsveitinni Diktu, aðspurður hvort hann hafi þurft að rjúka til og bjarga mannslífum þegar hann er að spila með hljómsveit sinni Diktu.

Haukur Heiðar lauk sinni síðustu vakt á Landspítalanum sem sérnámslæknir í heimilislækningum í vikunni og við taka nýir og spennandi tímar.

„Ég var að ljúka sérnámi og klára síðustu vaktina mína á Landspítalanum, þar og á heilsugæslunni hef ég unnið sem sérnámslæknir í heimilislækningum undanfarin ár. Núna er ég að fara sækja formlega um sérfræðiréttindi í heimilislækningum og kem til með að vinna á heilsugæslustöðinni Sólvangi í Hafnarfirði," segir Haukur Heiðar, nýútskrifaður heimilislæknir.

Faðir Hauks Heiðars er einnig heimilislæknir og mikill tónlistarmaður sem hefur gefið út fjölda hljómplatna en hann er þekktastur fyrir að spila um áratugaskeið með Ómari Ragnarssyni á skemmtunum um land allt.

„Pabbi minn er læknir og móðir mín hjúkrunarfræðingur svo það má segja að ég hafi alist upp í þessu umhverfi. Ég hef alltaf haft áhuga á mannslíkamanum og komst að því þegar ég var í menntaskóla að þetta þótti mér skemmtilegast að læra og var staðráðinn í því að verða læknir og tónlistarmaður," segir Haukur Heiðar.

**SEINUSTU FJÓRA MÁNUÐI HEF ÉG UNNIÐ Á BRÁÐAMÓTTÖKUNNI OG ÞAÐ ER ALGJÖRLEGA ÚT Í HÖTT HVAÐ ÞAR ER MIKIÐ ÁLAG.**

Haukur Heiðar hefur heldur betur haft í nógu að snúast síðastliðin ár en ásamt því að læra læknisfræði er hann eins og áður segir söngvari hljómsveitarinnar Diktu sem nýverið gaf út plötuna Easy Street. Dikta er ein af vinsælustu hljómsveitum Íslands og skaust hratt og örugglega upp á stjörnuhimininn árið 2009.

„Þetta hefur verið ansi skrautlegt en ég hef fengið mikinn skilning frá bæði fjölskyldu og samstarfsfélögum, ég hef þurft að færa til vaktir og það hefur alltaf verið góður skilningur á því. Þetta er það sem ég hef verið að gera síðustu árin, það tekur tíma að mennta sig sem heimilislæknir, maður byrjar á að taka grunnlæknisfræði sem tekur sex ár, og þá tekur við eitt ár þar sem þú vinnur á sjúkrahúsi sem kandídat, eftir það getur þú kallað þig lækni. Svo tekur við sérnám fyrir þá sem kjósa að fara í slíkt. Ég valdi mér heimilislæknisfræði en það tekur fjögur og hálft ár að klára hana," segir Haukur Heiðar.

Undanfarna mánuði hefur Haukur Heiðar unnið á bráðamóttöku Landspítalans, þar sem ástandið hefur verið slæmt og álagið gífurlegt.

„Seinustu fjóra mánuði hef ég unnið á bráðamóttökunni og það er algjörlega út í hött hvað þar er mikið álag. Það er ekki að ástæðulausu að fjallað er um álagið í fjölmiðlum. Þetta er raunveruleikinn. Það þarf að byggja upp heilsugæsluna á Íslandi því það á að vera fyrsti staðurinn sem sjúklingar eiga að leita til. Ástandið í dag er að mörgu leyti komið til vegna þess að heilsugæslan hefur verið undirmönnuð og svelt í mörg ár," segir Haukur Heiðar og hvetur unga læknanema til að horfa til heilsugæslunnar þegar þeir hugsa til sérnáms.

Fram undan eru nýir tímar þar sem Haukur tekur á móti sjúklingum á heilsugæslustöðinni Sólvangi í Hafnarfirði ásamt því að ferðast um heiminn með hljómsveit sinni.

„Það eru spennandi tímar fram undan á öllum vígstöðvum, við erum með nýtt lag og myndband á leiðinni í spilun, svo erum við að fara til Noregs að spila. Ásamt þessu vinn ég á Sólvangi og held áfram að sinna FH í fótbolta sem þeirra læknir og fer með þeim í forkeppni Meistaradeildarinnar í sumar," segir Haukur Heiðar fullur tilhlökkunar fyrir komandi tímum.

**gudrunjona@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021






# LAGER sala

3.mars. - sunnud. 6. mars
Opið virka daga 12-18:30
Laugard. og sunnud. 12-16
Frábært tækifæri til að gera góð kaup!

**3.-6. mars - 3.-6. mars - 3.-6. mars - 3.-6. mars**



# 20-70%

**af skiptidýnum, eldri gerðum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum rúmum, hvíldarstólum og sófum, rúmteppum, koddum, lökum o.fl.**


Hvíldarstólar


Hvíldarstólar


Svefnsófar



**Ótrúlegt verð**



Gömlu og góðu
**Jersey bómullarlökin**

**Stærðir í cm: 80 / 90 / 97 / 100 / 120 / 135 / 140 kr. 3000.-**
**Stærðir í cm: 153 cm / 160 cm kr. 4000.-**
Litur: Beige

## Frábær tilboð í verslun meðan á lagersölu stendur


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

**12 mán.** vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun

**Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ**
Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30
laugardag 12:00 - 16:00

*3.5% lántökugjald

www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**

Maríu Elísabetar Bragadóttur



## Mikilvægi hins leiðinlega

Senn stíflast bréfalúgur landsmanna af boðskortum í fermingarveislur. Vart finnst betri prófun á manndómi en að vera kyrrsettur í loftlausum veislusal með myntugrænu þema sem manni flökrar við. Á borðum eru skálar fullar af sérpöntuðu m&m-i með áprentuðum myndum af fermingarbarni með glerharða slöngulokka. Þurrum kransakökubita er skolað niður með glasi af moðvolgu appelsíni og öllum er bumbult. Það vill ekki nokkur lifandi sála vera í fermingarveislu. Ekki einu sinni fermingarbarnið sjálft þótt alltaf séu til undantekningar sem sanna regluna.

Þá er gott að muna að andinn rís hæst í glötuðum aðstæðum. Bestu hugmyndirnar fæðast í skraufþurrum þýskutíma og hökktandi lyftum. Franz Kafka er prímadæmi um það að ömurð og vonleysi er kjörlendi sköpunar og gríns. Þunglyndi lögfræðingurinn skrifaði bókmenntalegt stórvirki um skrifstofublók sem breytist í risavaxna bjöllu. Lestur á Kafka hefur skilið fólk eftir í hysterísku hláturskasti og síðan tilfinningalegri pattstöðu. Enda dauðans alvara að hlátur er skuggamynd gráts.

Datt sjálfri í hug handrit að þriggja binda fantasíubók þar sem ég sat í helvískri tilvistarkrísu á tannlæknabiðstofu og beið þess að deyja úr kvölum. Gleymdi öllu andartakið sem ég renndi mér í stólinn og fékk flúorlakk í stað þess að vera leidd fyrir aftökusveit. Af þessum sökum elska ég umferðarteppur, barnaafmæli á sunnudögum og klukkustundir af panflautuleik í fyrirtækjasímum. Ég veit að þá tekur sköpunargyðjan sér bólfestu í mér.

Enginn skyldi vanmeta hundleiðinlegar eða pirrandi upplifanir. Þær eru veislumáltíð fyrir andann.


*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



Láttu okkur leysa tæknivandamálin þín.
Við komum á staðinn.
Fagleg og persónuleg þjónusta í fyrirúmi
S:779 4999
herrasnjall
www.herrasnjall.is
herrasnjall@herrasnjall.is



KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.